



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI  
**FJÁRSÝSLA RÍKISINS**

# Ríkisreikningur fyrir árið 2001

## Ríkissjóður Ahluti

Ágúst 2002

## **Merking tákna**

- núll, þ.e. ekkert
- 0 talan er minni en helmingur þeirrar einingar sem notuð er
- . tala á ekki að koma eðli málsins samkvæmt
- ... niðurstaða ekki marktæk
- , komma aðskilur heila tölu og aukastafi

## **Stytting fjárhæða.**

Samtala undirliða þarf ekki að koma heim við heildartölur vegna styttingar talna. Fjárhæðir eru styttar vélrænt. Heildarsamtölur eru styttar sérstaklega.

ISBN 9979-890-14-2

Útlit: Grafísk hönnun ehf.

Umbrot og prentvinnsla: Gutenberg

## EFNISYFIRLIT

Inngangsorð fjármálaráðherra .....	5
Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2001 .....	7
Áritun fjármálaráðherra og fjársýslustjóra .....	17
Áritun ríkisendurskoðanda .....	19
Yfirlitsreikningur A-hluta ríkissjóðs .....	21
Rekstrarreikningur .....	22
Efnahagsreikningur .....	23
Sjóðsstreymi .....	24
<b>Skýringar með reikningi A-hluta ríkissjóðs .....</b>	<b>25</b>
1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila .....	27
2. Tekujöfnuður og lánsfjárþörf A-hluta ríkissjóðs .....	30
3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs .....	31
4. Skattar á tekjur einstaklinga .....	33
5. Skattar á tekjur lögaðila .....	34
6. Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar .....	35
7. Tryggingagjöld .....	36
8. Eignarskattar .....	37
9. Virðisaukaskattur .....	38
10. Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar .....	39
11. Aðrir skattar á vöru og þjónustu .....	40
12. Skattar ótaldir annars staðar .....	41
13. Arðgreiðslur .....	41
14. Vextir og aðrar eignatekjur .....	42
15. Neyslu- og leyfisgjöld .....	42
16. Sektir .....	43
17. Sala eigna .....	43
18. Fjáframlög .....	44
19. Gjöld A-hluta ríkissjóðs .....	45
20. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins .....	49
21. Gjöld forsætisráðuneytis .....	50
22. Gjöld menntamálaráðuneytis .....	51
23. Gjöld utanríkisráðuneytis .....	52
24. Gjöld landbúnaðarráðuneytis .....	53
25. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis .....	54
26. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis .....	55
27. Gjöld félagsmálaráðuneytis .....	56
28. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis .....	57
29. Gjöld fjármálaráðuneytis .....	60
30. Gjöld samgönguráðuneytis .....	64

# Ríkisreikningur 2001

31. Gjöld iðnaðarráðuneytis.....	65
32. Gjöld viðskiptaráðuneytis .....	66
33. Gjöld Hagstofu Íslands .....	67
34. Gjöld umhverfisráðuneytis .....	68
35. Fjármagnskostnaður .....	69
36. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum.....	70
37. Erlent stofnfé .....	72
38. Veitt löng lán .....	73
39. Vöru- og efnisborgðir .....	74
40. Óinnheimtar ríkistekjur.....	74
41. Skammtímakröfur, aðrar .....	75
42. Handbært fé, nettó .....	76
43. Höfuðstóll .....	77
44. Lífeyrisskuldbindingar.....	79
45. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, langtímaskuldir.....	80
46. Tekin löng lán.....	81
47. Krafa á ríkistekjur .....	83
48. Ógreidd gjöld (án vaxta) .....	83
49. Áfallnir ógjaldfallnir vextir, skammtímaskuldir.....	84
50. Tekin stutt lán .....	84
51. Aðrar skammtímaskuldir.....	85
 <b>Séryfirlit .....</b>	 <b>87</b>
1. Tekjur ríkissjóðs — sundurliðun .....	89
2. Gjöld ráðuneyta og stofnana eftir málaflokkum.....	94
3. Afkoma og höfuðstóll ráðuneyta og stofnana.....	111
4. Heildarfjárheimildir ársins hjá ráðuneytum og stofnunum.....	122
5. Millifærslur fjárheimilda innan A-hluta .....	134
6. Skattastyrkir eftir skatttegundum .....	150
7. Skattastyrkir eftir málaflokkum.....	151
8. Markaðar tekjur rétthafa .....	152
9. Sala eigna.....	156
10. Veitt og tekin lán A-hluta .....	158
11. Spariskírteini ríkissjóðs í árslok 2001 .....	159
12. Eignaskrá ríkisins yfir varanlega rekstrarfjármuni .....	161

## Inngangsorð fjármálaráðherra

Umskipti í efnahagsmálum hér á landi á síðasta ári höfðu nokkur áhrif á framvindu ríkisfjármála. Í stað mikillar uppsveiflu undangengin 3-4 ár, sem skilaði umtalsverðum tekjum í ríkissjóði, gætti samdráttar, einkum í innlendri eftirspurn sem aftur leiddi til minnkandi tekna hjá ríkissjóði. Þannig stóðu tekjur af virðisaukaskatti í stað á milli ára en þær skila um þriðjungi skatttekna. Tekjur ársins urðu 237,4 milljarðar króna en það er 31,6% af landsframleiðslu sem felur í sér lækkun hlutfallsins um 2,1% frá fyrra ári. Ríkisjóður var engu að síður rekinn með afgangi og sýna niðurstöðutölur rekstrarreiknings tekjuafgang að fjárhæð 8,6 milljarða króna á árinu 2001. Sé afkoma ársins hins vegar metin án tilfallandi gjalda og tekna er afgangur ársins 16,6 milljarðar króna.

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir umtalsverðum tekjum af einkavæðingu. Próun á gengi fjarskiptafyrirtækja á hlutabréfamörkuðum erlendis varð hins vegar með þeim hætti að ekki fékkst ásættanlegt verð fyrir hlutabréf í Landssímanum hf. og var sölu hans því frestað. Afkoma ársins er af þeim ástæðum og því sem fyrr er sagt, lakari en fjárlög gerðu ráð fyrir.

Gjöld ársins voru 228,7 milljarðar króna eða 30,5% af landsframleiðslu og lækkar hlutfallið frá fyrra ári um 3,8%. Útgjöld eru hinsvegar nær óbreytt á milli ára í krónum talið, en í því samhengi er þess að geta að á árinu 2000 var fært til gjalda endurmat á lífeyrisskuldbindingum vegna kjarasamninga við kennara og sérstakt endurmat á útstandandi skattkröfum. Að teknu tilliti til þess hækka gjöld á milli ára um 27 milljarða króna. Aukning umfram almennar verðlagsbreytingar nemur um 14 milljörðum króna enda gerðu fjárlög ráð fyrir auknum framlögum til ýmissa verkefna. Þannig aukast framlög til fræðslu-, heilbrigðis- og félagsmála um 9 milljarða. Þá hækkuðu framlög vegna barnabóta og vaxtabóta um 1,5 milljarð króna og auknum framlögum var veitt til jöfnunarsjóðs sveitarfélaga m.a. til að mæta tekjutapi þeirra af lækkun tekna af fasteignagjöldum. Loks má nefna að raunaukning í opinberum framkvæmdum nam 1,5 milljarði kóna, einkum í samgöngumálum.

Lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 40 milljörðum króna á árinu 2001 en á árinu 2000 var lánsfjármangur tæplega 10 milljarðar króna. Ástæður lánsfjárþarfar, þrátt fyrir jákvæða rekstrarrafkomu, skýrist einkum af sérstakri erlendri lántöku ríkissjóðs að fjárhæð 25 milljarðar króna sem ráðist var í til að styrkja gjaldeyriss töðu Seðlabanka Íslands. Þessu fé verður á þremur árum varið til að efla eiginfjárstöðu bankans í samræmi við ný lög um starfsemi hans. Á síðasta ári voru 9 milljarðar greiddir til bankans sem stofnfjárframlag en afgangurinn, 16 milljarðar, í formi lánveitingar. Þá var 4 milljörðum varið til kaupa á Orkubúi Vestfjarða en annað skýrist af hefðbundnum viðskiptahreyfingum vegna starfsemi ríkissins.

Á árinu var haldið áfram að nýta góða stöðu til að greiða niður uppsafnaðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs og námu innborganir til Lífeyrissjóðs ríkisstarfsmanna 15 milljörðum króna. Alls nema greiðslur ríkissjóðs til uppgjörs á áföllnum lífeyrisskuldbindingum á s.l. þremur árum 34 milljörðum króna með áunnum vöxtum og verðbótum en það svarar til 17% af heildarskuldbindingu ríkisins vegna lífeyrisréttinda starfsmanna umfram eignir sjóðsins. Verulegur árangur

hefur því náðst við að mæta óuppgjerðum skuldbindingum. Innborganir ríkissjóðs, samkvæmt samkomulagi við sjóðinn, njóta ávoxtunar sem til lengri tíma litið er hærri en vöxtur skuldbindinga. Gert er ráð fyrir að ríkissjóður muni áfram nýta það svigrúm sem afkoma hans leyfir til frekari greiðslna óuppgjerðra skuldbindinga.

Undanfarin ár hefur fjármálaráðuneytið beitt sér fyrir margháttuðum aðgerðum til að styrkja stjórnskipulag og starfshætti við rekstur ríkisins jafnframt því sem eftirlit með framkvæmd fjárlaga hefur verið eflt. Mikilvægur þáttur í því verkefni hefur verið að nýta þá kosti sem rafræn tækni býður upp á. Ber þar fyrst að nefna kaup og innleiðingu á nýjum fjárhags- og mannaúðskerfum ríkisins þar sem mótuð var sameiginleg stefna ríkisins varðandi framsetningu fjárhagsupplýsinga, uppgjör og upplýsingagjöf. Ný kerfi og sú stefnumótun sem að baki þeim liggur, munu hafa afgerandi áhrif á innri rekstur ríkisins og auðvelda alla stjórnun. Í innkaupamálum og meðferð reikninga hefur frumkvæði ráðuneytisins í verkefnum um rafrænt markaðstorg og innkaupakort nýst jafnt í ríkisrekstrinum sem á hinum almenna markaði. Rafræn stjórnsýsla í málaflokkum ráðuneytisins hefur skilað mikilli hagræðingu í rekstri m.a. með einfaldari vinnuferlum og bætri upplýsingagjöf. Nægir þar að nefna tollamál og skattamál þar sem orðið hefur bylting í aðgengi einstaklinga og fyrirtækja og hafa þessar rafrænu lausnir hlotið ýmsar alþjóðlegar viðurkenningar.

Á tímum alþjóðavæðingar og opnari hagkerfa hafa ríkisfjármál fengið aukið vægi í hagstjórn. Samtímis aukast kröfur almennings um aukna þjónustu og framlög ríkisins til ýmissa mála í þjóðfélaginu. Þessum kröfum verður ekki mætt nema rekstur ríkissjóðs standist samanburð við það sem best gerist og nýjungar eigi greiða leið inn í skipulag ríkisrekstrar. Jafnframt er mikilvægt að verkaskipting milli ríkis og einkamarkaðar sé sífellt til skoðunar til að tryggja hámarksnýtingu fjármagns og þjónustu.



## Uppgjör og afkoma ríkissjóðs 2001

Ríkisreikningur er settur fram í samræmi við lög nr. 88/1997 um fjárrreiður ríkisins og tekur uppbegging hans að miklu leyti mið af framsetningu ársreikninga fyrirtækja eftir því sem við getur átt og innan marka laganna um fjárrreiður ríkisins.

Reikningurinn fyrir árið 2001 er í tveimur hlutum. Annars vegar er *Ríkisreikningur 2001 – Ríkissjóður A-hluti* þar sem birt er samstæðuuppgjör A-hluta ríkissjóðs í heild sinni. Hins vegar er *Ríkisreikningur 2001 – Ársreikningar ríkisaðila* sem sýnir reikninga stofnana í A-hluta, ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutfélag og sameignarfélaga sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins í E-hluta.

### Afkoma ríkissjóðs

Rekstrarreikningur ríkissjóðs fyrir árið 2001 sýnir 8,6 milljarða króna tekjuafgang eða um 3,6% af tekjum ársins. Niðurstaða ársins 2000 sýndi 4,3 milljarða króna tekjuhalla eða um 1,9% af tekjum ársins. Sveiflan á milli ári er því töluberð. Betri afkoma á árinu 2001 samanborið við árið á undan skýrist einkum af tveimur þáttum, þ.e. mun minni gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og lægri afskriftum á skattkröfum. Þannig nam gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga 2,6 milljörðum króna á árinu 2001 samanborið við 24,9 milljarða króna árið 2000 og afskriftir skattkrafna námu 5,9 milljörðum króna á móti 11,4 milljörðum króna árið á undan.

### Yfirlit 1. Fjármál ríkissjóðs 2000 og 2001

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001	Fjárhæð	Frávik %	Reikningur 2000
Tekjur samtals .....	237.356	254.214	-16.858	-6,6	224.715
Gjöld samtals .....	228.713	234.122	-5.409	-2,3	229.001
<b>Tekjur umfram gjöld.....</b>	<b>8.643</b>	<b>20.092</b>	<b>-11.449</b>	.	<b>-4.286</b>
 <b>Lánsfjárafgangur/lánsfjárþörf, nettó (+/-) .....</b>	<b>-40.255</b>	<b>-18.075</b>	<b>-22.180</b>	.	<b>9.475</b>
 <b>Tekin lán, nettó .....</b>	<b>41.641</b>	<b>38.750</b>	<b>2.891</b>	.	<b>-8.181</b>
Innlend lán .....	7.707	...		.	-16.398
Erlend lán .....	33.934	...		.	8.217
 <b>Breyting á handbæru fé.....</b>	<b>1.386</b>	<b>20.675</b>	<b>-19.289</b>	.	<b>1.294</b>
 <b>Hlutfall af vergri landframleiðslu, %</b>					
Tekjur samtals .....	31,6	33,9	.	.	33,7
Gjöld samtals .....	30,5	31,2	.	.	34,3
 <b>Tekjur umfram gjöld.....</b>	<b>1,2</b>	<b>2,7</b>	.	.	<b>-0,6</b>
 <b>Lánsfjárafgangur/lánsfjárþörf, nettó (+/-) .....</b>	<b>-5,4</b>	<b>-2,4</b>	.	.	<b>1,4</b>

Tekjuafgangur ríkissjóðs á árinu 2001 að fjárhæð 8,6 milljarðar króna svarar til 1,2% af landsframleiðslu ársins. Við afgreiðslu fjárlaga fyrir árið 2001 var gert ráð fyrir 33,9 milljarða króna afgangi, en við samþykkt fjáraukalaga fyrir árið 2001 var hann áætlaður 20,1 milljarðar króna.

Tekjuafkoman reyndist því lakari en áætlað var og skýrist aðallega af lægri söluhagnaði af hlutabréfum þar sem sala Landssímans og ríkisbankanna gekk ekki eftir á árinu 2001. Afkoman árið 2001 reyndist þó 12,9 milljörðum króna hagstæðari en á árinu 2000.


Heildarfjárheimildir gjalda námu alls 240,9 milljörðum króna á árinu 2001. Þær skiptust þannig að heimildir samkvæmt fjárlögum voru 219,2 milljarðar króna, fjáraukalögum 15,0 milljarðar króna og fluttar fjárheimildir frá árinu 2000 námu 4,1 milljarði króna. Loks námu aðrar heimildir til ráðstöfunar 2,7 milljörðum króna vegna ríkistekna.

Prátt fyrir tekjuafgang að fjárhæð 8,6 milljarða króna nam hrein lánsfjárþörf ríkissjóðs 40,3 milljörðum króna á árinu 2001 eða sem nemur 5,4% af

landsframleiðslu. Næstu fjögur ár þar á undan skilaði ríkissjóður lánsfjárafgangi, en í því felst svigrúm til að greiða niður skuldir, og nam hann um 1,5-3,0% af landsframleiðslu.

Á undanförnum árum hefur tekjuafkoma og lánsfjárþörf ríkissjóðs sveiflast nokkuð frá einu ári til annars. Þetta kemur glöggjt fram á mynd 1 hér á eftir en þar eru einnig sýnd heildargjöld og heildartekjur ríkissjóðs sem hlutfall af landsframleiðslu á tímabilinu 1991-2001.

## Mynd 1. Lykilstærðir í fjármálum ríkissjóðs 2000-2001 í hlutfalli við verga landsframleiðslu



Í aðalatriðum skýrist lánsfjárþörfin á árinu 2001 af því að ríkissjóður tók 25,0 milljarða króna erlent lán til að styrkja gjaldeyrisstöðu þjóðarbúsins og var því ráðstafað til Seðlabankans, þar af voru 9,0 milljarða króna eiginfjárframlag til bankans og 16,0 milljarða króna lánveiting. Þá var fram haldið

greiðslum samkvæmt sérstöku samkomulagi upp í lífeyrisskuldbindingar hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins og Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga. Heildargreiðslur ríkissjóðs til lífeyrissjóða voru 15,4 milljarða króna umfram gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga á árinu 2001.

## Yfirlit 2. Tekjur og gjöld 2000 og 2001

Í milljörðum króna	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Venjubundin starfsemi</b>			
Tekjur samtals.....	236,3	220,9	232,7
Gjöld samtals.....	219,7	191,4	220,6
<b>Tekjur umfram gjöld af venjubundinni starfsemi.....</b>	<b>16,6</b>	<b>29,5</b>	<b>12,1</b>
<b>Tilfallandi tekjur</b>			
Sala eigna.....	1,1	0,6	21,5
Sérstakt mat á virði ríkisfyrirtækja .....	-	3,2	-
<b>Tilfallandi tekjur samtals.....</b>	<b>1,1</b>	<b>3,8</b>	<b>21,5</b>
<b>Tilfallandi gjöld</b>			
Lífeyrisskuldbindingar.....	2,6	24,9	9,5
Afskriftir skattkrafna.....	5,9	11,4	4,0
Ríkisábyrgðir vegna útflutningslána.....	0,5	-	-
Dómur hæstaréttar vegna örorkulífeyrisþega.....	-	1,3	-
<b>Tilfallandi gjöld samtals .....</b>	<b>9,0</b>	<b>37,6</b>	<b>13,5</b>
<b>Tilfallandi tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>-7,9</b>	<b>-33,8</b>	<b>8,0</b>
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>8,6</b>	<b>-4,3</b>	<b>20,1</b>

Yfirlitið sýnir miklar sveiflur í tilfallandi gjaldag og tekjuliðum ríkissjóðs á milli ára. Sé horft til venjubundinnar starfsemi minnkar tekjuafgangurinn úr 29,5 milljörðum króna árið 2000 í 16,6 milljarða króna árið 2001. Hins vegar er niðurstaða ársins 2001 hagstæðari en áætlað var, þ.e. 16,6 milljarða króna afgangur samanborið við 12,1 milljarð króna samkvæmt áætlun ársins.

Halli af tilfallandi liðum nam 7,9 milljörðum króna á árinu 2001. Tilfallandi tekjur reyndust 20,4 milljörðum króna lægri en áætlað var og skýrist það fyrst og fremst af því að áform um sölu á hlut ríkisins í Landssímanum hf. og ríkisbönkunum gengu ekki eftir. Tilfallandi gjöld námu 9,0 milljörðum króna og voru þau 4,5 milljörðum króna undir áætlun. Skýrist það einkum af því að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga var mun lægri en áætlað var.

Við samanburð á milli ára kemur fram veruleg sveifla í tilfallandi liðum og þá aðallega lækkun á


gjaldahlið í lífeyrisskuldbindingum og afskriftum skattkrafna. Lækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga skýrist af því að í lok árs 2000 og ársþyrjun 2001 voru gerðir kjarasamningar við framhaldsskólakennara og grunnskólakennara. Þeir samningar fólu í sér miklar breytingar á launakerfi þessara starfstéttu sem höfðu bein áhrif á lífeyrissréttindi þeirra. Við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2000 voru áhrif samninganna á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs færð til gjalda og voru þau metin á um 14,1 milljarð króna, þar af voru 11,5 milljarðar króna vegna grunnskólakennara og 2,6 milljarðar króna vegna framhaldsskólakennara. Afskriftir skattkrafna lækka úr 11,4 milljörðum króna árið 2000 í 5,9 milljarða króna árið 2001. Lækkun á milli ára skýrist af því að á árinu 2000 fór fram gagnger endurskoðun á útistandandi skattkröfum ríkissjóðs. Niðurstaða þeirrar úttektar leiddi til verulegrar eins skiptis niðurfærslu á ofmetnum eftirstöðvum fyrri ára.

Tekjur ríkissjóðs námu alls 237,4 milljörðum króna á árinu 2001 eða um 31,6% af landsframleiðslu ársins. Árið 2000 námu tekjurnar 224,7 milljörðum króna eða 33,7% af landsframleiðslunni. Hækkun á milli ára nam því 12,6 milljörðum króna eða um 5,6%. Að raungildi lækkuðu tekjurnar um 1,0% á milli ára miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs. Endurskoðuð áætlun um tekjur við afgreiðslu fjáraukalaga fyrir árið 2001 nam alls 254,2 milljörðum króna og er það 16,9 milljörðum króna hærri fjárhæð en útkoma ársins sýndi. Frávik á einstökum liðum eru

misjöfn en þar ber hæst áætlaðan söluhagnað af hlutabréfum sem reyndist 21,0 milljarð króna undir áætlun. Skýrist það af áætlaðri sölu á hlut ríkisins í Landssíma Íslands og ríkisbönkunum sem ekki gekk eftir.

Tekjur ríkissjóðs skiptust þannig á árinu 2001 að skatttekjur námu 89,2%, aðrar rekstrartekjur 9,8% og aðrar tekjur 1,0%. Virðisaukaskattur var sem fyrr helsti tekjustofn ríkissjóðs eða 30,4% af heildartekjunum, tekjuskattar 26,1%, vörugjöld 9,0% og tryggingagjöld 9,2%. Mynd 2 sýnir hlutfallslegt vægi helstu tekjustofna ríkissjóðs á árinu 2001.

## Mynd 2. Tekjur ríkissjóðs 2001, %




Gjöld ríkissjóðs námu alls 228,7 milljörðum króna á árinu 2001 eða um 30,5% af landsframleiðslu ársins. Árið 2000 voru gjöldin 229,0 milljarðar króna eða 34,3% af landsframleiðslunni. Gjöldin lækkuðu því á milli ára um 0,3 milljarða króna eða um 6,4% að raungildi. Fram hefur komið að gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga og afskrift skattkrafna lækkaði verulega á árinu 2001 samanborið við árið á undan eða um 27,7 milljarða króna samtals. Að þessum liðum frátoldum hækkuðu gjöldin um 27,4 milljarða króna á milli ára eða um 14,2%. Það svarar til 7,0% hækunar að raungildi. Hækjunin skýrist meðal annars af áhrifum kjarasamninga og af almennri verðlags- og gengisþróun á árinu 2001. Útgjöld til fræðslumála hækkuðu töluvert umfram almennar verðlagsbreytingar. Stafar það meðal annars af launahækjunum framhaldsskólakennara eftir kjarasamning við þá í ársbyrjun 2001 og kostnaði af viðbótartvinnu kennara eftir lok verkfalls þeirra. Af öðrum útgjaldaliðum sem hækka umfram almennar verðlagsbreytingar má nefna raunhækjun á framlögum

til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og Lánasjóðs íslenskra námsmanna og greiðslur vegna fæðingarlos og búvorusamninga.

Gjöld ríkissjóðs skiptust þannig að rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar námu 40,1% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar af námu launagjöld 27,2%, lífeyrisskuldbindingar 1,1%, önnur gjöld 18,9% og sértekjur til lækkunar á gjöldum 7,2%. Önnur útgjöld ríkissjóðs skiptust þannig að fjármagnskostnaður nam 7,8%, rekstrar- og neyslutilfærslur 42,0%, viðhaldsútgjöld 2,5%, stofnkostnaður 5,4% og fjármagnstilfærslur 2,2%.

Heilbrigðismál voru sem fyrr fjárfrekasti málaufokurinn á árinu 2001 og námu þau 25,0% af heildargjöldum ríkissjóðs, almannatryggingar og velferðarmál 20,4% og fræðslu- og menningarmál 13,2%. Útgjöld til þessara málaufokka að viðbættum lífeyrisskuldbindingum og vaxtagjöldum af lánum námu alls 67,6% af heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 69,1% árið 2000. Mynd 3 sýnir vægi helstu málaufokka í heildargjöldum ríkissjóðs á árinu 2001.

## Mynd 3. Gjöld ríkissjóðs 2001 eftir málaufokkum, %



# Ríkisreikningur 2001

Lánsfjárþörf ríkissjóðs nam 40,3 milljörðum króna á árinu 2001. Sem hlutfall af landsframleiðslu nam lánsfjárþörfin 5,4% samanborið við 1,4% lánsfjárafgang árið 2000 og 3,1% árið 1999. Lántökur ríkissjóðs umfram afborganir námu 7,7 milljörðum króna á innlendum fjármagnsmarkaði á árinu 2001, en erlendar lántökur voru 33,9 milljarða króna umfram afborganir. Umsvif ríkissjóðs á innlenda markaðnum voru þó tölувert

meiri en þessar tölur gefa til kynna einkum á skammtíma fjármagnsmarkaði en sala á ríkisvíxum nam alls 24,0 milljörðum króna og endurgreiðsla þeirra 18,0 milljörðum króna. Tekin erlend veltilán námu alls 164,0 milljörðum króna og afborganir 162,9 milljörðum króna á árinu 2001. Yfirlit 3 gefur vísbendingu um umsvif ríkissjóðs á fjármagnsmarkaði á árinu 2001.


## Yfirlit 3. Skuldir og veitt lán ríkissjóðs 2001

Í millj. kr	Staða í ársbyrjun	Ný lán umfram afbonganir	Endurmat ársins	Staða í árslok
<b>Tekin lán</b>				
Ríkisvíxlar .....	5.970	6.033	-	12.003
Ríkisbréf .....	11.430	8.158	-	19.588
Spariskírteini .....	52.647	-6.263	3.897	50.281
Önnur innlend lán .....	2.907	-222	1.505	4.191
Erlend lán .....	139.325	33.934	25.030	198.289
<b>Tekin lán samtals .....</b>	<b>212.279</b>	<b>41.641</b>	<b>30.431</b>	<b>284.352</b>
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	16.251	-3.370	1.081	13.962
<b>Skuldaviðurkenningar samtals .....</b>	<b>228.530</b>	<b>38.271</b>	<b>31.512</b>	<b>298.314</b>
<b>Lánveitingar</b>				
Skammtímakröfur umfram skammtímaskuldir .....	30.252	6.163	96	36.512
Veitt stutt lán .....	1	-1	-	1
Veitt löng lán .....	70.919	12.612	9.518	93.049
Lán tengd innlendu verðlagi .....	59.262	13.087	7.168	79.517
Gengisbundin lán .....	11.657	-475	2.350	13.532
<b>Lánveitingar samtals .....</b>	<b>101.172</b>	<b>18.774</b>	<b>9.614</b>	<b>129.561</b>
<b>Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar .....</b>	<b>127.358</b>	<b>19.497</b>	<b>21.898</b>	<b>168.753</b>
<b>Hlutfall af vergri landframleiðslu, %</b>				
<b>Skuldir samtals .....</b>	<b>34,2</b>	<b>5,1</b>	.	<b>39,8</b>
Þar af erlendar skuldir .....	20,9	4,5	.	26,4
<b>Lánveitingar samtals .....</b>	<b>15,2</b>	<b>2,5</b>	.	<b>17,3</b>
Þar af veitt löng lán .....	10,6	1,7	.	12,4
<b>Skuldaviðurkenningar umfram lánveitingar .....</b>	<b>19,1</b>	<b>2,6</b>	.	<b>22,5</b>

Mismunur á teknum og veittum lánum gefur til kynna hver lánsfjárbörf ríkissjóðs er til eigin þarfa. Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2001 námu 298,3 milljörðum króna, en að teknu tilliti til lánveitinga námu hreinar skuldir 168,8 milljörðum króna. Í hlutfalli við landsframleiðslu ársins námu heildarskuldir ríkissjóðs 39,8% í árslok 2001 samanborið við 34,2% árið 2000 og 36,3% árið 1999. Skuldir ríkissjóðs umfram lánveitingar námu hins vegar 22,5% af landsframleiðslu árið 2001, en hlutfallið var 19,1% bæði í árslok 1999 og 2000.

Að lokum er í mynd 4 sýnd samsetning skulda A-hluta ríkissjóðs eftir gjaldmiðlum í árslok 2001. Erlendar skuldir námu 66,5% af heildarskuldinni og innlendar skuldir 33,5%. Lán tengd bandaríkjadollar námu 27,0% af heildarskuldir ríkissjóðs, sterlingspundi 6,5%, japönsku yeni 4,8% og þýsku marki 4,5%. Af innlendum skuldunum vega spariskírteini þyngst en að meðtöldum uppsöfnuðum áföllnum vöxtum námu þau 21,5% af heildarskuldinni.

## Mynd 4. Skuldir ríkissjóðs í árslok 2001, %



# Ríkisreikningur 2001

Að lokum sýnir yfirlit 4 áætlaðar endurgreiðslur vaxta og afborgana af veittum og teknum löngum

lánum ríkissjóðs miðað við þá lánssamninga sem voru í gildi í árslok 2001.

## Yfirlit 4. Endurgreiðslur af veittum og teknum löngum lánum í árslok 2001

Í milljörðum króna	2002	2003	2004	2005	2006	2007 og síðar	Samtals
<b>Tekin lán</b>							
<b>Afborganir</b>							
Spariskírteini .....	6,0	9,2	3,6	16,1	0,1	28,3	63,3
Ríkisbréf .....	-	14,4	-	-	-	11,3	25,7
Önnur innlend lán .....	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	1,9	2,4
Erlend lán.....	21,5	16,0	32,2	31,8	25,9	70,9	198,3
<b>Afborganir samtals .....</b>	<b>27,6</b>	<b>39,7</b>	<b>35,9</b>	<b>48,0</b>	<b>26,1</b>	<b>112,4</b>	<b>289,7</b>
<b>Vextir</b>							
Spariskírteini .....	4,7	6,0	1,5	5,7	-	0,8	18,7
Ríkisbréf .....	-	-	-	-	-	-	-
Önnur innlend lán .....	-	0,1	0,1	0,1	0,1	1,0	1,4
Erlend lán.....	9,7	9,3	7,2	6,3	4,7	14,2	51,4
<b>Vextir samtals.....</b>	<b>14,4</b>	<b>15,4</b>	<b>8,8</b>	<b>12,1</b>	<b>4,8</b>	<b>16,0</b>	<b>71,5</b>
<b>Vextir og afborganir</b>							
Spariskírteini .....	10,7	15,2	5,1	21,8	0,1	29,1	82,0
Ríkisbréf .....	-	14,4	-	-	-	11,3	25,7
Önnur innlend lán .....	0,1	0,2	0,2	0,2	0,2	2,9	3,8
Erlend lán .....	31,2	25,3	39,4	38,1	30,6	85,1	249,7
<b>Vextir og afborganir samtals .....</b>	<b>42,0</b>	<b>55,1</b>	<b>44,7</b>	<b>60,1</b>	<b>30,9</b>	<b>128,4</b>	<b>361,2</b>
<b>Veitt lán</b>							
<b>Afborganir</b>							
Endurlán ríkissjóðs.....	5,2	4,4	8,7	6,4	3,4	18,4	46,5
Ríkissjóður .....	8,8	4,3	15,4	2,4	2,4	11,0	44,3
<b>Afborganir samtals .....</b>	<b>14,0</b>	<b>8,7</b>	<b>24,1</b>	<b>8,8</b>	<b>5,8</b>	<b>29,4</b>	<b>90,8</b>
<b>Vextir</b>							
Endurlán ríkissjóðs.....	2,3	2,4	2,2	1,7	1,3	5,2	15,1
Ríkissjóður .....	2,1	2,3	2,1	0,8	0,7	3,3	11,3
<b>Vextir samtals.....</b>	<b>4,4</b>	<b>4,7</b>	<b>4,3</b>	<b>2,5</b>	<b>2,0</b>	<b>8,5</b>	<b>26,4</b>
<b>Vextir og afborganir</b>							
Endurlán ríkissjóðs.....	7,5	6,8	10,9	8,1	4,7	23,6	61,6
Ríkissjóður .....	10,9	6,6	17,5	3,2	3,1	14,3	55,6
<b>Vextir og afborganir samtals .....</b>	<b>18,4</b>	<b>13,4</b>	<b>28,4</b>	<b>11,3</b>	<b>7,8</b>	<b>37,9</b>	<b>117,2</b>







## FJÁRMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Forseti Alþingis  
Alþingishúsinu v/Austurvöll  
150 Reykjavík

Amarhóll 150 Reykjavík  
kennitala: 550169 - 2829  
sími: 545 9200 hefðasími: 562 8280  
netfang: postur@fjr.stjri.is  
vefsíða: http://www.raduneyti.is/fjr

Reykjavík 28. ágúst 2002  
Tilvísun: FJR02080087/312-4/ÞA/jþ

Samkvæmt ákvæðum laga nr. 88/1997 um fjárrreiður ríkisins, með síðari breytingum, hefur Fjársýsla ríkisins gert ríkisreikning fyrir árið 2001. Reikningurinn inniheldur samstæðuuppgjör fyrir A-hluta ríkissjóðs ásamt sjálfstæðu uppgjöri fyrir alla ríkisaðila og er hann gerður í samræmi við lög og þær venjur sem gilda um reikningsskil ríkisins. Þá hefur Ríkisendurskoðun endurskoðað reikninginn með visan til laga nr. 86, 27. maí 1997 um ríkisendurskoðun sbr. 43. gr. stjórnarskrár. Hér með staðfesta fjármálaráðherra og fjársýslustjóri hann með undirritun sinni.

Reikningurinn sendist Alþingi hjálagður.

*Einar H. Haavde*  
fjármálaráðherra

*Gunnar S. Hall*  
fjársýslustjóri





## Áritun ríkisendurskoðanda

### Til Alþingis

Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ríkisreikning fyrir árið 2001. Reikningurinn tekur til ríkisaðila sem fara með ríkisvald og þeirra stofnana og fyrirtækja sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins. Ríkisreikningur hefur að geyma greinargerð, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 51 vegna A-hluta ásamt séryfirlitum. Í ríkisreikningi eru enn fremur birtar upplýsingar úr ársreikningum ríkisaðila utan A-hluta ríkissjóðs sem áritaðar hafa verið af stofnuninni eða endurskoðunarfelögum í umboði hennar. Ríkisreikningur er lagður fram af fjármálaráðherra og fjársýslustjóra og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og starfsskyldur. Samkvæmt 6. og 8. gr. laga um Ríkisendurskoðun ber henni að endurskoða ríkisreikning og felst ábyrgð hennar í því álti sem hún lætur í ljós á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Það þýðir að skipuleggja á og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að reikningurinn sé án verulegra annmarka. Endurskoðunin fólst meðal annars í að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ríkisreikningi og einnig athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem beitt er við gerð hans og framsetningu í heild. Að mati stofnunarinnar fengust við endurskoðunina nægjanlega traustar upplýsingar til að byggja álit hennar á.

Það er álit Ríkisendurskoðunar, að ríkisreikningur gefi í öllum meginatriðum glöggja mynd af afkomu ríkissjóðs, ríkisstofnana, fyrirtækja og sjóða í A til E-hluta á árinu 2001 og efnahag 31. desember 2001 og sé í samræmi við lög og viðurkenndar reikningsskilavenjur ríkissjóðs.

Um einstaka athugasemdir visar stofnunin til sérstakrar skýrslu um endurskoðun ríkisreiknings fyrir árið 2001 sem send verður Alþingi.

Reykjavík í ágúst 2002

  
Sigrún Þórdarson  
ríkisendurskoðandi





FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI  
**FJÁRSÝSLA RÍKISINS**

# Ríkisreikningur fyrir árið 2001

Yfirlitsreikningur  
Ahluta ríkissjóðs

# Ríkisreikningur A-hluti 2001

## Rekstrarreikningur

Í millj. kr.	Skýringar	Reikningur 2001	Heildar- fjárheimildir 2001	Reikningur 2000
<b>Tekjur</b>				
<b>Skatttekjur</b>				
Skattar á tekjur einstaklinga.....	4	52.506	51.353	44.125
Skattar á tekjur lögaðila .....	5	9.551	8.593	9.679
Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar ...	6	6.839	8.840	5.791
Tryggingagjöld.....	7	21.909	21.940	19.680
Eignarskattar .....	8	10.596	10.705	9.872
Virðisaukaskattur.....	9	72.147	72.500	71.903
Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar.....	10	28.909	29.424	30.941
Aðrir skattar á vöru og þjónustu .....	11	8.557	8.085	8.122
Skattar ótaldir annars staðar.....	12	714	957	538
<b>Skatttekjur samtals.....</b>		<b>211.729</b>	<b>212.396</b>	<b>200.651</b>
<b>Aðrar rekstrartekjur</b>				
Arðgreiðslur.....	13	1.917	846	2.477
Vextir og aðrar eignatekjur .....	14	14.727	13.844	10.698
Neyslu- og leyfisgjöld.....	15	5.782	4.328	5.347
Sektir .....	16	848	458	508
<b>Aðrar rekstrartekjur samtals.....</b>		<b>23.274</b>	<b>19.476</b>	<b>19.030</b>
<b>Sala eigna .....</b>	<b>17</b>	<b>1.065</b>	<b>21.516</b>	<b>635</b>
<b>Fjármagnstilfærslur.....</b>		-	-	-
<b>Fjárfamlög .....</b>	<b>18</b>	<b>1.288</b>	<b>825</b>	<b>1.231</b>
<b>Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja.....</b>		-	-	<b>3.167</b>
<b>Tekjur alls .....</b>	<b>3</b>	<b>237.356</b>	<b>254.214</b>	<b>224.715</b>
<b>Gjöld</b>				
Æðsta stjórn ríkisins.....	20	2.111	2.203	2.149
Forsætisráðuneyti .....	21	1.146	1.554	1.459
Menntamálaráðuneyti.....	22	26.803	27.697	22.459
Utanríkisráðuneyti .....	23	4.965	5.599	4.807
Landbúnaðarráðuneyti .....	24	11.039	11.027	9.502
Sjávarútvegsráðuneyti.....	25	2.813	3.632	2.508
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti .....	26	12.901	13.088	11.574
Félagsmálaráðuneyti .....	27	16.767	16.410	11.266
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti .....	28	84.559	83.610	78.479
Fjármálaráðuneyti.....	29	23.706	31.909	48.981
Samgönguráðuneyti .....	30	15.869	17.145	13.315
Iðnaðarráðuneyti .....	31	2.972	3.346	2.631
Viðskiptaráðuneyti.....	32	1.450	1.580	1.404
Hagstofa Íslands .....	33	399	402	378
Umhverfisráðuneyti .....	34	3.290	4.396	2.842
Fjármagnskostnaður .....	35	17.923	17.290	15.245
<b>Gjöld alls .....</b>	<b>19</b>	<b>228.713</b>	<b>240.891</b>	<b>229.001</b>
<b>Tekjujöfnuður .....</b>	<b>2</b>	<b>8.643</b>	<b>13.323</b>	<b>-4.286</b>

# Ríkisreikningur A-hluti 2001

## Efnahagsreikningur 31. desember

Í millj. kr.	Skyringar	Reikningur 2001	Reikningur 2000
<b>Eignir</b>			
<b>Áhættufjármunir og langtímakröfur</b>			
Eignarhlutir í fyrirtækjum og hlutafé .....	36	88.822	71.420
Erlent stofnfé .....	37	3.957	3.238
Veitt löng lán .....	38	93.049	70.919
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímakröfur .....	38	-14.036	-8.297
<b>Langtímakröfur og áhættufjármunir samtals .....</b>		<b>171.792</b>	<b>137.280</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Vöru- og efnisborgðir.....	39	903	776
Óinnheimtar ríkistekjur.....	40	53.400	46.032
Skammtímakröfur, aðrar .....	41	8.514	5.632
Næsta árs afborganir af veittum löngum lánum.....	38	14.036	8.297
Handbært fé, nettó .....	42	18.046	16.830
<b>Veltufjármunir samtals .....</b>		<b>94.899</b>	<b>77.567</b>
<b>Eignir samtals.....</b>		<b>266.691</b>	<b>214.847</b>
<b>Skuldir og höfuðstóll</b>			
<b>Höfuðstóll</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		-198.101	-171.609
Höfuðstóll í ársbyrjun, leiðréttинг .....		-68	-266
Endurmat .....		-35.265	-21.940
Tekjujöfhuður .....		8.643	-4.286
<b>Höfuðstóll í árslok .....</b>	<b>43</b>	<b>-224.791</b>	<b>-198.101</b>
<b>Skuldir</b>			
Lífeyrisskuldbindingar .....	44	<b>167.746</b>	<b>163.007</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	45	13.962	16.251
Tekin löng innlend lán .....	46	73.902	66.750
Tekin löng erlend lán .....	46	198.289	139.325
Næsta árs afborganir fluttar á skammtímaskuldir .....	46	-27.596	-21.355
<b>Langtímaskuldir samtals .....</b>		<b>258.557</b>	<b>200.971</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Krafa á ríkistekjur .....	47	1.132	1.152
Ógreidd gjöld (án vaxta) .....	48	6.081	5.568
Áfallnir ógjaldfallnir vextir .....	49	7.898	6.846
Tekin stutt lán .....	50	12.160	6.205
Aðrar skammtímaskuldir.....	51	10.311	7.845
Næsta árs afborganir af langtímaskuldum .....	46	27.596	21.355
<b>Skammtímaskuldir samtals .....</b>		<b>65.179</b>	<b>48.970</b>
<b>Skuldir og höfuðstóll samtals.....</b>		<b>266.691</b>	<b>214.847</b>

# Ríkisreikningur A-hluti 2001

## Sjóðstreymi

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001	Reikningur 2000
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Tekjujöfnuður .....	<b>8.643</b>	<b>20.092</b>	<b>-4.286</b>
<b>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé</b>			
Lifeyrisskuldbindingar .....	-1.119	-2.802	21.875
Afföll af teknum lánum .....	2.663	-	2.540
Áfallin ógjaldfallin vaxtagjöld langtímaskulda .....	-3.370	-	-5.500
Gjaldfærð ríkisábyrgð .....	450	-	-
Söluhagnaður af eignum .....	-535	-	24
Tekjufærsla vegna endurmats félaga .....	-90	-	-3.167
<b>Breyting rekstrartengdra eigna og skulda</b>			
Afskrifaðar skattkröfur .....	5.944	4.000	11.350
Aðrar viðskiptakröfur, (breyting) .....	-9.936	-22.186	-5.697
Viðskiptaskuldur, (breyfing).....	-2.136	-1.001	367
<b>Handbært fé frá rekstri .....</b>	<b>514</b>	<b>-1.896</b>	<b>17.506</b>
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>			
Veitt stutt lán .....	-	-22.585	-505
Veitt löng lán.....	-20.766	-3.970	-5.439
Afborganir veittra lána .....	8.275	7.800	9.235
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað .....	-14.276	-12.500	-8.762
Kaup hlutabréfa og eiginfjárfamlög.....	-11.675	-12.424	-249
Sala hlutabréfa og eignarhluta .....	338	27.500	228
<b>Fjárfestingarhreyfingar samtals.....</b>	<b>-38.104</b>	<b>-16.179</b>	<b>-5.492</b>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga .....	-171	-	182
Tekin stutt lán, nettó.....	5.955	6.000	-3.948
Tekin löng lán .....	66.182	54.900	39.838
Afborganir lána .....	-33.160	-22.150	-46.610
<b>Fjármögnunarhreyfingar samtals .....</b>	<b>38.806</b>	<b>38.750</b>	<b>-10.538</b>
<b>Aukning handbærs fjár .....</b>	<b>1.216</b>	<b>20.675</b>	<b>1.476</b>
<b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>			
Hreyfingar á sjóðs- og bankareikningum .....	1.388	.	1.294
Gengismunur og endurmat sjóðs- og bankareikninga .....	-172	.	182
<b>Handbært fé í árslok .....</b>	<b>18.046</b>	.	<b>16.830</b>



FJÁRMÁLARÁÐUNEYTI  
**FJÁRSÝSLA RÍKISINS**

# Ríkisreikningur fyrir árið 2001

Skýringar með  
reikningi A hluta ríkissjóðs



## 1. Ríkisreikningur og reikningsskilareglur ríkisaðila

### 1.1 Lög um fjárrreiður ríkisins

Ríkisreikningur er saminn á grundvelli laga nr. 88 frá 16. maí 1997 um fjárrreiður ríkisins. Samkvæmt 1. gr. laganna skal haga reikningshaldi ríkisaðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum, að svo miklu leyti sem ekki er mælt sérstaklega fyrir um annað í fjárrreiðulögunum.

Ríkisreikningur nær yfir fjárrreiður ríkisaðila. Samkvæmt 2. gr. laganna eru ríkisaðilar skilgreindir sem þeir sem fara með ríkisvald og þær stofnanir og fyrirtæki sem eru að hálfu eða meiri hluta í eigu ríkisins. Samkvæmt 3. gr. laganna skiptist ríkisreikningur í eftirfarandi hluta:

*A-hluti.* Æðsta stjórn ríkisins, ráðuneyti og ríkisstofnanir. Þá nær hann einnig yfir verðmiðlunar- og verðjöfnunarsjóði, öryggis- og eftirlitsstofnanir og þjónustustofnanir við ríkisaðila sem starfa samkvæmt sérstökum lögum. Loks skal þar gerð grein fyrir fjárreiðum þeirra sem ekki eru ríkisaðilar ef ríkissjóður kostar að öllu eða verulegu leyti starfsemi þeirra með framlögum eða ber rekstrarlega ábyrgð á starfseminni samkvæmt lögum eða samningi

*B-hluti.* Ríkisfyrirtæki sem starfa á markaði og standa að öllu eða verulegu leyti undir kostnaði við starfsemi sína með tekjum eða sölu á vöru eða þjónustu til almennings og fyrirtækja, hvort sem er í samkeppni eða í skjóli einkaréttar, enda séu þau hvorki sameignar- né hlutafélög.

*C-hluti.* Lánastofnanir í eigu ríkisins aðrar en innlásstofnanir, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

*D-hluti.* Fjármálastofnanir ríkisins, þar með taldir bankar og vátryggingafyrirtæki í eigu ríkisins, enda séu þær hvorki sameignar- né hlutafélög.

*E-hluti.* Sameignar- og hlutafélög sem ríkið á að hálfu eða meira.

Reikningurinn fyrir árið 2001 er í tveimur hlutum. Annars vegar er *Ríkisreikningur 2001 – Ríkissjóður A-hluti* þar sem birt er samstæðuuppgjör A-hluta ríkissjóðs í heild sinni. Hins vegar er *Ríkisreikningur 2001 – Ársreikningar ríkisaðila* sem sýnir reikninga stofnana í A-hluta, ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánaстofnana í C-hluta, fjármálastofnana í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga sem eru að hálfu eða meira í eigu ríkisins í E-hluta.

### 1.2 A-hluti ríkissjóðs

#### Reikningsskilareglur

1. *Almennar reglur.* Lög nr. 88/1997 um fjárrreiður ríkisins kveða á um að almennt gilda sömu reglur um ríkisreikning og í reikningsskilum fyrtækja með tveimur undantekningum. Þær varða bókhaldslega meðferð varanlegra rekstrarfjármuna annars vegar og færslur verðlags- og gengisbreytinga hins vegar. Ríkisaðilum í A-hluta er gert að færa varanlegra rekstrarfjármuni til gjalda þegar stofnað er til skuldbindandi samninga um kaup á þeim. Gjalfærslu verksamninga skal haga í samræmi við framvindu verks ljúki því ekki á reikningsárinu. Þá eru áhrif launa-, verðlags- og gengisbreytinga á stöðu lánareikninga færð um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning en ekki á rekstrarreikning.

2. *Rekstrargrunnur.* Reikningurinn er gerður upp á rekstrargrunni. Tekjur sem álagðar eru á reikningsárinu eru tekjufærðar án tillits til þess hvenær þær innheimtast og gjöld eru gjalfærð á árinu þegar til þeirra er stofnað óháð því hvenær þau koma til greiðslu.

Í rekstrarreikningi A-hluta ríkisreiknings eru gjöld tilfærð að frádregnum sértekjum stofnana, sbr. 12. gr. laganna, með sama hætti og gjöld í 1. gr. og sundurliðun 2 í fjárlögum.

#### 3. Eignir og skuldir

*Verð- og gengisbreytingar.* Áhrif almennra verð- og gengisbreytinga á lánareikninga eru ekki sýnd í rekstrarreikningi A-hluta ríkissjóðs. Þess í stað eru breytingar á stöðu þeirra vegna gengismunar og verðbóta færðar um endurmatsreikning á höfuðstólsreikning.

*Hlutabréf.* Almennt er miðað við framreknaða bókfærða eign í ársbyrjun með breytingum á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun til ársloka. Hafi jöfnunarbréf verið gefin út á árinu eru eignir endurmetnar á grundvelli þeirra. Hlutabréf sem keypt eru á árinu eru framreknuð til ársloka frá gildandi vísitölu á kaupdegi.

*Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum sem ekki eru hlutafélög.* Almennt er miðað við framreknaðan bókfærðan eignarhluta í ársbyrjun með breytingum á vísitölu neysluverðs frá ársbyrjun til ársloka. Jafnframt taka reikningsskilin tillit til sérstakra úttekta sem gerðar eru á verðmæti fyrirtækja sem ríkissjóður á að hluta eða öllu leyti.

*Veitt og tekin lán.* Verðtryggð og gengisbundin veitt og tekin lán eru uppfærð miðað við skráð gengi gjaldmiðla 31. desember 2001 og vísitöltur janúarmánaðar 2002.

*Lífeyrisskuldbindingar.* Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs miðast meðal annars við eftirtaldar almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkanir; íslenskar lífslíkur samkvæmt reynslu áranna 1991-1995; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur hjá öðrum en lífeyrissþegum, en hjá þeim var raunveruleg hjúskaparstaða notuð; viðmiðun við danskar örorkulíkur í skrifstofustörfum þar sem íslenskar tölur eru ekki tiltækar. Við matið er almennt miðað við að virkir sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 65 ára hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH).

Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs við áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar færast um rekstrarreikning og almennar launabreytingar um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu launa opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar. Jafnframt er tekið tillit til sérstakra innborgana ríkissjóðs upp í framtíðarskuldbindingar sínar gagnvart lífeyrissjóðunum þar sem það á við.

## Afskriftir og niðurfærsla eftirstöðva

*Eftirstöðvar ríkistekna.* Við niðurfærslu á eftirstöðvum ríkistekna í árslok 2001 var beitt nær sömu matsreglum og í árslok 2000. Niðurfærslan árið 2000 var með tvennum hætti. Annars vegar var um að ræða niðurfærslu um 80% af skuldum þeirra sem gjaldþrotaskipti standa yfir hjá eða er lokið. Hins vegar voru skuldir færðar niður um 75% hjá þeim sem ekki hafa komið til gjaldþrotaskipta en eru í vanskilameðferð. Sömu aðferð var beitt árið 2001 að öðru leyti en því að kröfur sem mynduðust á þessa sömu aðila á árinu 2001 voru færðar niður um 40% í báðum tilfellum.

*Veitt lán.* Sem fyrr eru veitt lán ríkissjóðs færð niður með beinni og óbeinni afskrift í ríkisreikningi.

## Framsetning A-hluta í ríkisreikningi

Framsetning fjármála A-hluta ríkissjóðs í ríkisreikningi er með tvennum hætti. Annars vegar er sýnt samstöðuuppgjör fyrir ríkissjóðs í heild á viðkomandi reikningsári. Hins vegar er sýnt ársupp-

gjör einstakra aðila innan A-hlutans og staða þeirra gagnvart ríkissjóði.

### 1. Samstæðuuppgjör A-hluta ríkissjóðs

Helstu yfirlit A-hluta eru rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi. Jafnframt eru birtar ítarlegar skýringar við yfirlitin.

#### a) Rekstrarreikningur

*Tekjur* eru almennt flokkaðar í skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, sölu eigna og fjárfamlög. *Gjöld* eru flokkuð eftir ráðuneytum en sýna jafnframt fjármagnskostnað ríkissjóðs.

#### b) Efnahagsreikningur

*Eignir* eru flokkaðar í áhættufjármuni og langtímakröfur annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

*Höfuðstóll* kemur fram sem mismunur eigna og skulda.

*Skuldir* eru flokkaðar í lífeyrisskuldbindingar, langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

#### c) Sjóðstreymi

*Handbært fé frá rekstri* kemur fram þegar tekið hefur verið tillit til áhrifa rekstrarliða sem ekki hafa fjárdstreymi í för með sér og breytinga á rekstrar tengdum eignum og skuldum á tekjujöfnuð ríkissjóðs.

*Fjárfestingarhreyfingar* sýna hreyfingar á veittum lánum og kaup og sölu á verðbréfum, hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum og stofnunum.

*Fjármögnunarhreyfingar* sýna breytingar á teknum lánum og endurmat sjóðs- og bankareikninga.

*Breyting á handbæru fé* kemur fram sem niðurstaða sjóðstreymis og er samtala af handbæru fé frá rekstri, fjárfestingarhreyfingum og fjármögnunarhreyfingum.

### 2. Ársreikningar A-hluta aðila

Helstu yfirlit sem sýnd eru í uppgjöri fyrir einstaka A-hluta aðila eru rekstrarreikningur, efnahagsreikningur og sjóðstreymi. Þessi yfirlit taka nokkrum breytingum í ríkisreikningi 2001 og nálgast framsetningu almennra reikningskila meira en áður.

## a) Rekstrarreikningur

*Rekstrarreikningur* stofnunar tekur miklum breytingum í framsetningu ríkisreiknings árið 2001. Hann sýnir allar tekjur stofnunar sem hún aflar í formi sértekna, annarra rekstrarreikninga eða markaðra tekna og gjöldum er skipt eftir viðfangsefnum. Jafnframt er framlag ríkissjóðs fært sem tekjur um rekstrarreikninginn. Niðurstaða rekstrarreiknings sýnir hvort viðkomandi stofnun hefur verið rekin með afgangi eða halla miðað við fjárheimildir ársins. Afgangurinn/hallinn flyst á eigið fé í efnahagsreikningi og kemur í flestum tilvikum til breytingar á höfuðstól viðkomandi stofnunar. Í undantekningartilvikum flyst niðurstaða rekstrarreiknings á annað eigið fé.

Yfirlitið sýnir annars vegar samanburð á útkomu ársins við reikningsniðurstöður ársins á undan og hins vegar við fjárheimildir ársins. Fjárheimildir ársins takmarkast við samþykktar heimildir samkvæmt fjárlögum og fjáruka-lögum reikningsársins.

## b) Efnahagsreikningur

*Eignir* eru flokkaðar í fastafjármuni annars vegar og veltufjármuni hins vegar.

*Eigið fé* kemur fram sem mismunur eigna og skulda, en það skiptist í höfuðstól og annað eigið fé. Höfuðstóll í árslok sýnir stöðu rekstrarfjárheimildar viðkomandi stofnunar í árslok sem flyst til ráðstöfunar á næsta ári. Annað eigið fé er almennt bundið í efnahag stofnananna.

*Skuldir* eru flokkaðar í langtímaskuldir og skammtímaskuldir.

Fram hefur komið að í ríkisreikningi 2001 eru aðrar rekstrartekjur og markaðar tekjur stofnana færðar inn í reikningsskil þeirra. Þannig færst álagning þessara tekna í rekstrarreikning þeirra og eftirstöðvar teknanna færast um efnahagsreikninginn. Á sama hátt færst afskrift útstandandi krafna stofnana vegna eftirstöðva sem innheimtast ekki um rekstrarreikning þeirra.

Loks sýnir efnahagsreikningur stofnunar nú greiðslustöðu hennar í heild gagnvart ríkissjóði í árslok.

## c) Sjóðstreymi

*Sjóðstreymi* stofnana er, auk hefðbundinna liða sem lýst hefur verið hér að framan, ætlað að draga fram hvernig greiðslustaða stofnunar breytist gagnvart ríkissjóði á viðkomandi reikningsári.

## 1.3 Ríkisaðilar utan A-hluta ríkissjóðs

Samkvæmt fjáreiðulögunum skal birta í ríkisreikningi upplýsingar úr ársreikningum ríkisfyrirtækja í B-hluta, lánastofnana ríkisins í C-hluta, fjármálastofnana ríkisins í D-hluta og hlutafélaga og sameignarfélaga sem ríkið á að hálfu eða meira í E-hluta. Samkvæmt fjáreiðulögunum ber að haga reikningsskilum þessara aðila í samræmi við ákvæði laga nr. 145/1994, um bókhald, og laga nr. 144/1994, um ársreikninga með síðari breytingum.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

### 2. Tekjujöfnuður og lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs

Í millj. kr.	Reikn-ingur 2001	Reikn-ingur 2000	Reikn-ingur 1999	Reikn-ingur 1998
<b>Tekjur af almennri starfsemi alls .....</b>	<b>236.291</b>	<b>220.904</b>	<b>206.555</b>	<b>178.375</b>
Skatttekjur .....	211.729	200.651	187.796	161.304
Aðrar tekjur af almennri starfsemi .....	24.562	20.253	18.759	17.071
<b>Gjöld alls .....</b>	<b>228.713</b>	<b>229.001</b>	<b>199.002</b>	<b>189.636</b>
Rekstrargjöld .....	91.678	102.031	84.085	84.258
Rekstrar- og neyslutilfærslur .....	96.107	91.573	77.890	71.748
Fjármagnskostnaður .....	17.923	15.245	15.332	15.964
Viðhald .....	5.678	5.263	4.973	4.068
Stofnkostnaður .....	12.237	10.587	11.410	8.759
Fjármagnstilfærslur .....	5.089	4.302	5.313	4.839
<b>Tekjur af almennri starfsemi umfram gjöld .....</b>	<b>7.578</b>	<b>-8.097</b>	<b>7.553</b>	<b>-11.260</b>
Sérstakt endurmat á virði ríkisfyrirtækja .....	-	3.176	4.938	-
Sala eigna .....	1.065	635	11.140	2.471
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>8.643</b>	<b>-4.286</b>	<b>23.631</b>	<b>-8.789</b>
Veitt lán, breyting .....	-12.611	3.293	-2.482	2.930
Viðskiptareikningar, breyting .....	-5.945	6.004	-13.660	-1.463
Vörubirdir, minnkun .....	-127	15	-153	-24
Hlutafjár- og stofnfjárfamlög, breyting .....	-11.451	-3.165	6.265	2.021
Lifeyrisskuldbindingar, breyting .....	-15.394	13.114	2.703	19.533
Langtímaskuldbindingar, áfallnir vextir .....	-3.370	-5.500	2.813	2.617
<b>Lánsfjárafangur/börf, nettó (+/-) .....</b>	<b>-40.255</b>	<b>9.475</b>	<b>19.118</b>	<b>16.826</b>
<b>Tekin lán, nettó .....</b>	<b>41.255</b>	<b>-8.181</b>	<b>-16.637</b>	<b>-9.510</b>
Innlend lán, stutt .....	5.955	-3.948	-5.427	2.888
Innlend lán, löng .....	1.751	-12.450	-13.934	-2.047
Erlend lán .....	33.934	8.217	2.724	-10.351
<b>Breyting á handbæru fé .....</b>	<b>1.386</b>	<b>1.294</b>	<b>2.481</b>	<b>7.316</b>
<b>Slutsummingar</b>				
<b>Slutsummingar tekjur og gjöld, nettó (+/-) .....</b>	<b>750.031</b>	<b>667.451</b>	<b>613.781</b>	<b>573.909</b>
<b>Hlutfall af vergri landsframleiðslu, %</b>				
<b>Tekjur alls .....</b>	<b>31,6</b>	<b>33,7</b>	<b>36,3</b>	<b>31,5</b>
Skatttekjur .....	28,2	30,1	30,6	28,1
<b>Gjöld alls .....</b>	<b>30,5</b>	<b>34,3</b>	<b>32,4</b>	<b>33,0</b>
Rekstrargjöld .....	12,2	15,3	13,7	14,7
Rekstrar- og neyslutilfærslur .....	12,8	13,7	12,7	12,5
Fjármagnskostnaður .....	2,4	2,3	2,5	2,8
<b>Tekjur umfram gjöld .....</b>	<b>1,2</b>	<b>-0,6</b>	<b>3,9</b>	<b>-1,5</b>
<b>Lánsfjárafangur/börf, nettó (+/-) .....</b>	<b>-5,4</b>	<b>1,4</b>	<b>3,1</b>	<b>2,9</b>
<b>Verg landsframleiðsla, millj. kr. ....</b>	<b>750.031</b>	<b>667.451</b>	<b>613.781</b>	<b>573.909</b>

### 3. Tekjur A-hluta ríkissjóðs

Aðalflokkar tekna ríkissjóðs eru fimm: skatttekjur, aðrar rekstrartekjur, sala eigna, fjármagnstilfærslur og fjárframlög. *Skatttekjur* eru skilgreindar sem lögþvingaðar greiðslur til opinberra aðila án þess að á móti komi tiltekin þjónusta. *Aðrar rekstrartekjur* eru greiðslur fyrir tiltekna þjónustu á vegum hins opinbera sem það eitt veitir og almennt eru tekjurnar ekki hærri en sá kostnaður sem að baki þjónustunni liggur. *Sala eigna* miðast við söluandvirði varanlegra rekstrarfjármuna, fasteigna og jarðeigna enda eru þær ekki eignfærðar í reikningsskilum ríkisins. Jafnframt fellur þar undir söluhagnaður af hlutabréfum og eignarhlutum í fyrirtækjum. *Fjármagnstilfærslur* eru óendurkræf framlög til ríkissjóðs vegna fjárfestingar frá öðrum en opinberum aðilum. *Fjárframlög* eru óendurkræf framlög frá öðrum opinberum aðilum.

Heildartekjur A-hluta ríkissjóðs námu 237.356 millj. kr. á árinu 2001 eða sem nemur 31,6% af landsframleiðslu ársins. Árið 2000 námu tekjurnar 224,7 milljörðum króna eða 33,7% af landsframleiðslunni. Hækjun á milli ára nam því 12,6 milljörðum króna eða um 5,6%. Að raungildi lækkuðu tekjurnar um 1,0% á milli ára miðað við breytingar á vísitölu neysluverðs.

Tekjurnar eru gerðar upp á grundvelli álagningar að teknu tilliti til breytinga á árinu. Þær skiptust þannig að skatttekjur námu 89,2%, aðrar

rekstrartekjur 9,8% og sala eigna og fjárframlög 1,0%. Sem fyrr er það virðisaukaskattur sem skilar ríkissjóði mestu eða 30,4% af heildartekjunum á árinu 2001. Reyndar er það nokkru lægra hlutfall en árið á undan en þá skilaði virðisaukaskatturinn ríkissjóði 32,0% af tekjunum. Aðrir helstu tekjustofnar ríkissjóðs á árinu 2001 eru tekjuskattar einstaklinga og lögaðila með 26,1%, vörugjöld 9,0% og tryggingagjöld 9,2%. Breytingar frá árinu á undan eru tiltölulega litlar.

Áætlaðar tekjur ríkissjóðs árið 2001 samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum námu 254.214 millj. kr. Niðurstaða tekna var því 16.858 millj. kr. eða 6,6% undir áætlun ársins. Helsta frávikið er vegna áætlaðs söluhagnaðar af hlutabréfum en hann reyndist 20.965 millj. kr. undir áætlun. Það skýrist af því að áform um sölu ríkisins á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. á árinu 2001 gengu ekki eftir.

Í séryfirliti 1 á bls. 89 er ítarleg sundurliðun á einstökum tekjuliðum ríkissjóðs á árinu 2001. Þar kemur einnig fram áætlun þeirra samkvæmt fjárlögum og fjáraukalögum fyrir árið 2001 og sýndar reikningstölur ársins 2000.

Eftirfarandi yfirlit sýnir álagningu, innheimtu og afskriftir helstu flokka ríkistekna á árinu 2001 og efirstöðvar þeirra í ársþyrjun og árslok.

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Í millj. kr.	1. Eftir- stöðvar í ársbyrjun	2. Álagn- ing á árinu	3. Breyt- ingar á árinu	4. Tekjur ársins =2.+3.	5. Innheimta á árinu	6. Afskriftir ársins	7. Eftir- stöðvar í árslok =1.+4.-5.-6.
<b>Skatttekjur.....</b>	<b>38.020</b>	<b>240.627</b>	<b>-28.897</b>	<b>211.729</b>	<b>204.280</b>	<b>2.650</b>	<b>42.819</b>
Skattur á tekjur og hagnað.....	16.929	72.635	-3.739	68.896	64.113	1.758	19.955
Tryggingagjöld .....	2.678	22.166	-257	21.909	21.357	269	2.961
Eignarskattar .....	1.560	12.351	-1.755	10.596	10.625	32	1.499
Virðisaukaskattur .....	14.104	94.913	-22.765	72.147	69.999	531	15.721
Vörugjöld .....	1.550	21.735	-293	21.441	21.707	1	1.283
Tollar og aðflutningsgjöld .....	228	2.970	52	3.022	3.011	-	239
Ýmis gjöld á viðskipti með vörum og þjónustu .....	206	4.445	-	4.445	4.411	8	233
Neyslu- og leyfisskattar.....	520	8.674	-117	8.557	8.438	50	588
Aðrir skattar.....	242	736	-22	714	618	-	337
<b>Aðrar skatttekjur .....</b>	<b>8.010</b>	<b>26.191</b>	<b>-2.917</b>	<b>23.274</b>	<b>17.413</b>	<b>3.294</b>	<b>10.577</b>
Arðgreiðslur .....	667	1.917	-	1.917	2.323	-	261
Vaxtatekjur og aðrar eignatekjur	6.240	17.433	-2.707	14.727	8.890	3.219	8.858
Neyslu- og leyfisgjöld.....	812	5.836	-54	5.782	5.641	-	952
Sektir .....	290	1.004	-157	848	559	75	504
<b>Sala eigna.....</b>	<b>-</b>	<b>1.065</b>	<b>-</b>	<b>1.065</b>	<b>1.065</b>	<b>-</b>	<b>-</b>
Sala varanlegra rekstrar- fármuna og söluhagnaður .....	-	721	-	721	721	-	-
Sala á landi og réttindum .....	-	343	-	343	343	-	-
<b>Fjáframlög.....</b>	<b>3</b>	<b>1.288</b>	<b>-</b>	<b>1.288</b>	<b>1.285</b>	<b>-</b>	<b>6</b>
Fjáframög frá innlendum opinberum aðilum .....	-	1.256	-	1.256	1.256	-	-
Fjáframög frá erlendum opin- berum aðilum og alþjóðastofn..	3	32	-	32	29	-	6
<b>Tekjur samtals .....</b>	<b>46.032</b>	<b>269.170</b>	<b>-31.815</b>	<b>237.356</b>	<b>224.042</b>	<b>5.944</b>	<b>53.400</b>

Samkvæmt yfirlitnu hækkuðu eftirstöðvar ríkistekna á árinu 2001 úr 46.032 millj. kr. í ársbyrjun í 53.400 millj. kr. í árslok. Álagning tekna á árinu nam 269.170 millj. kr. en breytingar til lækkunar námu 31.815 millj. kr. Bókfærðar tekjur ársins nema því 237.356 millj. kr., en innheimtar tekjur voru 224.042 millj. kr. eða 13.314 millj. kr. lægri fjárhæð. Loks námu afskriftir á kröfum ríkis- sjóðs 5.944 millj. kr. á árinu 2001 samanborið við

11.350 millj. kr. árið 2000. Afskriftirnar voru óvenjuháar árið 2000 þar sem gagnger endurskoðun fór fram á þessum kröfum og leiddi hún í ljós að þessar kröfur hafa verið ofmetnar hin síðari ár. Með bættum hugbúnaði í tekjukerfum ríkisins hefur fengist mun betri yfirsýn yfir tekjurnar og betri grundvöllur til að meta þær en áður. Í reiknings-skilunum fyrir árið 2000 voru gerðar tölverðar leiðréttigar á útstandandi kröfum í árslok.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

### 4. Skattar á tekjur einstaklinga

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Skattar á tekjur einstaklinga</b>					
Staðgreiðsla ársins, brúttó .....	100.082	84.493	15.589	18,5	...
Útsvar sveitarfélaga.....	-51.304	-43.558	-7.746	17,8	...
<b>Tekjuskattur, hluti ríkissjóðs í staðgreiðslu ársins...</b>	<b>48.778</b>	<b>40.935</b>	<b>7.843</b>	<b>19,2</b>	<b>49.646</b>
Tekjuskattur, eftirstöðvar fyrri ára.....	2.458	1.919	539	28,1	...
Sérstakur tekjuskattur .....	1.270	1.272	-2	-0,2	1.707
<b>Skattar á tekjur einstaklinga samtals .....</b>	<b>52.506</b>	<b>44.125</b>	<b>8.380</b>	<b>19,0</b>	<b>51.353</b>
<b>Slutfall af heildartekjum ríkissjóðs, % .....</b>	<b>22,1</b>	<b>19,6</b>	.	.	<b>20,2</b>

Tekjur af tekjuskatti í staðgreiðslu eru miðaðar við innheimtu í lok greiðsluársins að viðbættri innheimtu til loka febrúar á álagningarári vegna fyrra árs. Jafnframt er tekið tillit til vanskila kaupgreiðenda í árslok og breytinga á þeim til febrúarloka. Tekjur af skatti á tekjur einstaklinga námu 52.506 millj. kr. eða um 22,1% af heildartekjum ríkissjóðs á árinu 2001.

Tekjuskattshlutfall einstaklinga lækkaði árið 2001 í 26,08% en var 26,41% árið á undan. Vegið meðaltal af útsvari sveitarfélaga í staðgreiðslu hækkaði úr 11,96% árið 2000 í 12,68% árið 2001.

Skatthlutfall barna var 6% árið 2001 eða óbreytt frá árinu 2000. Tekjuskattshlutfallið var 4% og útsvarshlutfallið 2%. Með lögum nr. 151/1994 voru launatekjur barna undir ákveðnu marki undanþegnar staðgreiðslu frá 1. janúar 1995.

Með lögum nr. 30/1995 var skattskylda lífeyrisiðgjalda afnumin í áföngum. Frádrátturinn gilti vegna launa frá 1. apríl 1995 og síðar. Á árinu 1995 takmarkaðist frádrátturinn við helming iðgalds eða að hámarki 2% af launum. Frá ársþyrjun 1996 hækkaði frádrátturinn í 75% af iðgaldinu eða að hámarki 3% af launum og frá 1.

júlí 1996 miðaðist frádráttarheimildin við allt greitt iðgjald eða að hámarki 4% af launum.

Með lögum nr. 141/1997 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt er heimilaður viðbótarfrádráttur til öflunar lífeyrisréttinda allt að 2% af iðgjaldsstofni. Frádráttur þessi kom til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 1999. Hámarksfrádráttur var hækkaður úr 2% í 4% af iðgjaldsstofni frá 1. júní 2000 skv. lögum nr. 86/2000 um breytingar á lögum 75/1981.

Með lögum nr. 157/1998 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt var ákveðið að heimild til frádráttar vegna fjárfestingsar í atvinnurekstri yrði aldrei hærri en 60% af verðmæti keypta hlutabréfa umfram verðmæti seldra hlutabréfa en þó aldrei hærri en tiltekin fjárhæð. Frádráttur þessi nær til fjárfestinga í atvinnurekstri á árunum 1998-2002.

Með lögum nr. 97/1996 um breytingar á lögum um tekjuskatt og eignarskatt er lagður 10% fjármagnstekjuskattur á hagnað af sölu hlutabréfa upp að tiltekinni fjárhæð. Sé söluhagnaðurinn hærri skattleggst það sem umfram er á sama hátt og aðrar tekjur.

Skattafsláttur, þ.e. ónýttur persónuafsláttur til tekjuskatts, nam samtals 4.863 millj. kr. á árinu 2001 og var honum ráðstafað sem hér segir:

	Í millj. kr.
<b>Skattafsláttur til greiðslu;</b>	
útsvars.....	4.340
eignarskatts .....	438
sérstaks eignarskatts vegna endurbóta	
á húsakosti menningarstofnana .....	24
tekjuskatts á fjármagnstekjur.....	61
<b>Ráðstöfun skattafsláttar samtals.....</b>	<b>4.863</b>

Skattafsláttur til greiðslu útsvars og fjármagnstekjuskatts er dreginn frá tekjuskatti og fjármagnstekjuskatti. Skattafsláttur til greiðslu eignarskatts og sérstaks eignarskatts er dreginn frá eignarsköttum.

Með lögum nr. 149/2000 um breytingar á lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt var *sérstakur tekjuskattur manna* framlengdur til ársins 2002. Skatturinn er 7% og er lagður á tekjuskattstofn einstaklinga umfram ákveðna fjárhæð og er hún tvöfalt hærri hjá hjónum. Á síðustu fimm mánuðum ársins 2001 var innheimt 7% fyrirframgreiðsla vegna væntanlegrar álagningarár 2002.

## 5. Skattar á tekjur lögaðila

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Skattar á tekjur lögaðila</b>					
Tekjuskattur lögaðila .....	9.551	9.679	-128	-1,3	8.593
<b>Skattar á tekjur lögaðila samtals .....</b>	<b>9.551</b>	<b>9.679</b>	<b>-128</b>	<b>-1,3</b>	<b>8.593</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>4,0</b>	<b>4,3</b>	.	.	<b>3,4</b>

Tekjuskattshlutfall lögaðila á árinu 2001 var óbreytt frá árinu áður. Það er 30% af tekjuskatt-

stofni, nema hjá sameignarfélögum 38% og hjá alþjóðlegum viðskiptafélögum 5%.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

### 6. Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar</b>					
Skattur á fjármagnstekjur og staðgreiðsla.....	6.227	5.218	1.009	19,3	8.153
Gjald í Framkvæmdasjóð aldraðra.....	613	573	39	6,9	687
<b>Skattar á tekjur og hagnað, ótalið annars staðar....</b>	<b>6.839</b>	<b>5.791</b>	<b>1.048</b>	<b>18,1</b>	<b>8.840</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>2,9</b>	<b>2,6</b>	.	.	<b>3,5</b>

Skylda til að greiða skatt af vaxtatekjum, arði, söluhagnaði og leigutekjum nær til allra sem lögheimili eiga á Íslandi og hafa fjármagnstekjur sem ekki stafa af atvinnurekstri, sbr. lög nr. 94/1996. Skylda til að greiða staðgreiðslu af arði og vaxtatekjum nær til allra einstaklinga og lögaðila sem ekki eru sérstaklega undanþegnir.

Staðgreiðsla á fjármagnstekjur í atvinnurekstri er bráðabirgðagreiðsla upp í álögð gjöld. Hjá einstaklingum er staðgreiðslan bráðabirgðagreiðsla upp í álagðan fjármagnstekjkatt.

Álagður skattur á fjármagnstekjur á árinu 2001 vegna tekna 2000 nam 1.697 millj. kr. hjá einstak-

lingum eftir að staðgreiðsla að fjárhæð 1.674 millj. kr. hafði verið dregin frá og 101 millj. kr. hjá félögum og sjóðum eftir að staðgreiðsla að fjárhæð 29 millj. kr. hafði verið dregin frá. Ofgreidd staðgreiðsla skatts á fjármagnstekjur einstaklinga nam 51 millj. kr. Af staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur 2000 runnu 955 millj. kr. vegna álagningar 2001 til greiðslu tekjkatt og fleiri gjalda hjá aðilum í atvinnurekstri. Skattafsláttur til greiðslu fjármagnstekjkatt nam 61 millj. kr. og álag á ógreiddan skatt á fjármagnstekjur 41 millj. kr.

Staðgreiðsla vegna skatts á fjármagnstekjur nam 5.455 millj. kr. á árinu 2001.

## 7. Tryggingagjöld

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjárukalög 2001
<b>Tryggingagjöld</b>					
Tryggingagjald .....	18.160	15.915	2.245	14,1	18.261
Atvinnutryggingagjald .....	3.454	3.473	-19	-0,6	3.356
Ábyrgðargjald atvinnurekenda .....	171	147	24	16,4	163
Slysatryggingaiðgjald á sjómannslaun.....	125	146	-21	-14,1	160
<b>Tryggingagjöld samtals .....</b>	<b>21.909</b>	<b>19.680</b>	<b>2.229</b>	<b>11,3</b>	<b>21.940</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, % .....</b>	<b>9,2</b>	<b>8,8</b>	.	.	<b>8,6</b>

*Tryggingagjald* er lagt á samkvæmt lögum nr. 113/1990. Launagreiðendur greiða sérstakt gjald, tryggingagjald, af greiddum vinnulaunum, þóknunum, hlunnindum, reiknuðu endurgjaldi, mótframlagi í lífeyrissjóð og öðrum hliðstæðum greiðslum.

Frá 1. janúar 2000 er almennt tryggingagjald hið sama fyrir öll greidd laun. Almennt tryggingagjald nam 3,99% 2000 en var hækkað 2001 í 4,34%. Atvinnutryggingagjald 2001 er 0,80% eða óbreytt frá 1. júní 2000 en fyrri hluta árs 2000 nam gjaldið 1,15%. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum en þar bætist við sérstök trygging, 0,65%.

Tekjum af almennu tryggingagjaldi er ráðstafað þannig, sbr. lög nr. 113/1990 með síðari breytingum (141/1995, 156/1996 og 95/2000), að Fæðingarorlofssjóður fær 0,85% af gjaldstofni tryggingagjalds, Vinnueftirlit ríkisins 0,048%, Staðralráð 0,007% og Icepro 0,001%. Afgangurinn

rennur til Tryggingastofnunar ríkisins til að fjármagna lífeyris- og slysatryggingar almannatrygginga eftir reglum sem fjármálaráðherra setur með reglugerð.

Tekjur af atvinnutryggingagjaldi renna til Atvinnuleysistryggingasjóðs en hjá bændum, smábátaeigendum og vörubifreiðastjórum er hluti af atvinnutryggingagjaldi greiddur til Tryggingasjóðs sjálfstætt starfandi einstaklinga.

*Ábyrgðargjald atvinnurekenda* er lagt á sama gjaldstofn og tryggingagjald skv. lögum nr. 1/1992. Ábyrgðargjaldi er ætlað að fjármagna Ábyrgðasjóð launa vegna gjaldþrota. Gjaldið var 0,04% árið 2001 eða óbreytt frá árinu 2000.

*Sérstakt slysatryggingagjald* er lagt á samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993. Gjaldið sem nemur 0,65% er lagt á útgerðarfyrirtæki vegna launa og aflahlutar sjómanna.

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

## 8. Eignarskattar

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Eignarskattar</b>					
<b>Einstaklingar</b>					
Eignarskattur .....	3.095	2.508	588	23,4	3.197
Sérstakur eignarskattur.....	356	278	78	28,1	358
Erfðafjárskattur.....	673	765	-92	-12,0	800
<b>Eignarskattar einstaklinga samtals.....</b>	<b>4.125</b>	<b>3.550</b>	<b>574</b>	<b>16,2</b>	<b>4.355</b>
<b>Lögaðilar</b>					
Eignarskattur .....	1.999	1.976	23	1,1	1.944
Sérstakur eignarskattur.....	416	412	5	1,2	407
<b>Eignarskattar lögaðila samtals.....</b>	<b>2.415</b>	<b>2.388</b>	<b>27</b>	<b>1,1</b>	<b>2.351</b>
<b>Aðrir eignarskattar</b>					
Skattar á fjármagnsviðskipti, stimpilgjald .....	3.100	3.140	-40	-1,3	3.100
Skipulagsgjald.....	144	113	32	28,1	110
Umsýslugjald til Fasteignamats ríkisins .....	200	51	149	292,3	229
Þróunarsjóðsgjald .....	613	631	-18	-2,8	560
<b>Aðrir eignarskattar samtals .....</b>	<b>4.056</b>	<b>3.934</b>	<b>123</b>	<b>3,1</b>	<b>3.999</b>
<b>Eignarskattar samtals .....</b>	<b>10.596</b>	<b>9.872</b>	<b>724</b>	<b>7,3</b>	<b>10.705</b>
<b>Slutfall af heildartekjum ríkissjóðs, % .....</b>	<b>4,5</b>	<b>4,4</b>	.	.	<b>4,2</b>

*Eignarskattur einstaklinga* reiknast af eignarskattsstofni skv. lögum nr. 75/1981 um tekjuskatt og eignarskatt. Eignarskattshlutfall einstaklinga var óbreytt árið 2001 frá árinu á undan eða 1,2%.

*Eignarskattshlutfall lögaðila* var óbreytt á árinu 2001, þ.e. 1,2% af eignarskattsstofni.

*Sérstakur eignarskattur einstaklinga og lögað-*

*ila*, skv. lögum nr. 83/1989 um Þjóðarbókhlöðu og endurbætur menningarmannvirkja, var óbreyttur á árinu 2001, þ.e. 0,25% af eignarskattsstofni. Skatturinn er lagður á eignarskattsstofn einstaklinga umfram tiltekna fjárhæð. Félög sem hafa starfsléyfi alþjóðlegs viðskiptafélags eru undanþegin sérstökum eignarskatti. Með lögum nr. 133/2001 um breyting á áðurnefndum lögum fellur skatturinn úr gildi 31. desember 2002.

## 9. Virðisaukaskattur

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Virðisaukaskattur</b>					
Virðisaukaskattur af innflutnum vörum .....	49.348	47.039	2.309	4,9	
Virðisaukaskattur af sölu vöru og þjónustu .....	28.545	30.579	-2.034	-6,7	
<i>Endurgreiðslur</i> .....	-5.746	-5.715	-31	0,5	
Vegna íbúðarhúsnaðis .....	-1.310	-1.091	-219	20,1	
Til opinberra aðila .....	-2.432	-3.041	609	-20,0	
Til erlendra aðila .....	-390	-293	-97	33,2	
Af vörum til manneldis .....	-818	-788	-31	3,9	
Vegna hitunar húsa og laugarvatns .....	-136	-142	6	-4,0	
Flugstöð Leifs Eiríkssonar, bygging .....	-452	-325	-127	39,2	
Aðrar endurgreiðslur .....	-207	-36	-171	469,7	
<b>Virðisaukaskattur samtals.....</b>	<b>72.147</b>	<b>71.903</b>	<b>244</b>	<b>0,3</b>	<b>72.500</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>30,4</b>	<b>32,0</b>	.	.	<b>28,5</b>

Um virðisaukaskatt gilda lög nr. 50/1988 með síðari breytingum. Samkvæmt lögunum á að greiða í ríkissjóð af viðskiptum innanlands á öllum stigum, svo og af innfluttri vörur og þjónustu. Almennt er skatturinn 24,5% en er þó 14% á til-

teknar tegundir vörur og þjónustu. Í lægra skattþrepunu má nefna matvörur, afnotagjald útvarpstöðva, gistipjónustu, tímarit, dagblöð og bækurritaðar á íslenska tungu, heitt vatn, rafmagn og olíu til hitunar húsa og laugarvatns.

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

## 10. Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar</b>					
<b>Vörugjöld</b>					
Vörugjald, almennt .....	2.700	2.875	-174	-6,1	3.090
Vörugjald af ökutækjum .....	2.853	4.960	-2.107	-42,5	2.900
Vörugjald af bensíni, almennt .....	1.981	2.127	-146	-6,9	2.160
Sérstakt vörugjald af bensíni .....	5.447	5.430	17	0,3	5.428
Áfengisgjald .....	5.872	5.771	101	1,7	6.104
Búnaðargjald og önnur gjöld landbúnaðarins.....	854	774	80	10,4	811
Flutningsjöfnunargjöld.....	717	655	62	9,5	641
Skilagjald á einnota umbúðir .....	566	526	40	7,6	494
Sérstakt vörugjald til Hafnabótasjóðs.....	184	195	-10	-5,3	192
Spilliefnagjald .....	148	154	-6	-4,2	163
Ýmis vörugjöld .....	119	118	1	0,5	100
<b>Vörugjöld samtals .....</b>	<b>21.441</b>	<b>23.584</b>	<b>-2.143</b>	<b>-9,1</b>	<b>22.083</b>
<b>Aðrir sértækir veltuskattar</b>					
Aðflutningsgjöld .....	3.022	2.702	320	11,8	2.827
Rekstrarhagnaður ÁTVR, hluti .....	2.915	3.120	-205	-6,6	3.200
Forvarnargjald .....	708	597	111	18,7	500
Flugvallargjald .....	670	715	-45	-6,3	687
Brunavarnargjald .....	138	125	14	11,0	107
Aðrir sértækir þjónustuskattar .....	14	98	-84	-86,2	19
<b>Aðrir sértækir veltuskattar samtals .....</b>	<b>7.468</b>	<b>7.357</b>	<b>111</b>	<b>1,5</b>	<b>7.341</b>
<b>Vörugjöld og aðrir sértækir veltuskattar samtals....</b>	<b>28.909</b>	<b>30.941</b>	<b>-2.032</b>	<b>-6,6</b>	<b>29.424</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, % .....</b>	<b>12,2</b>	<b>13,8</b>	.	.	<b>11,6</b>

*Vörugjald, almennt* er lagt á ýmsar iðnaðarvörur og vörur vegna aðvinnslu skv. lögum nr. 97/1987.

Með lögum nr. 29/1993 sem tóku gildi 1. júlí 1993 voru lögð vörugjöld á ökutæki og eldsneyti í stað tolla.

Með lögum nr. 96/1995, var tekið upp *áfengisgjald* frá 1. september 1995 og er það lagt á allt áfengi. Gjaldið leysti af hólmi víinandagjald sem var hluti af álagningu ÁTVR við sölu áfengis og var skilað í ríkissjóð sem hluti af hagnaði fyrirtækisins.

Með lögum nr. 52/1989 sem tóku gildi 1. júní 1984 var lagt *skilagjald á einnota umbúðir* fyrir drykkjarvörur til þess að standa straum af söfnun og endurvinnslu þeirra.

Með lögum nr. 56/1996 var lagt á sérstakt *spilliefnagjald* til að standa straum af kostnaði við söfnun, endurnýtingu eða eyðingu spilliefna

*Sérstakt vörugjald* samkvæmt Hafnalögum, nr. 23/1994 með síðari breytingum, rennur til Hafnabótasjóðs. Gjaldið svarar 25% álagi á vörugjöld af vörum sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfn skv. hafnalögum.

Tollur er greiddur af vörum sem fluttar eru inn á tollsvæði ríkisins eins og mælt er fyrir í tollskrá nema annað sé tekið fram í tollalögum eða leiði af EES-samningnum og fríverslunarsamningum sem Ísland á aðild að.

*Rekstrarhagnaður ÁTVR* eru skil fyrirtækisins á

hluta af hagnaði í ríkissjóð. Áfengisgjald sem lagt er á allt áfengi er vörugjald og er það fært í ríkisreikningi með vörugjöldum. Með reglugerð nr. 476/1995 sem tók gildi 1. september 1995 var einkasölugjaldi sem far- og ferðamönnum var gert að greiða breytt í áfengisgjald og tóbaksgjald.

## 11. Aðrir skattar á vöru og þjónustu

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Aðrir skattar á vöru og þjónustu</b>					
Bifreiðagjald .....	2.628	2.550	78	3,0	2.610
Þungaskattur af díselbifreiðum .....	2.631	2.586	45	1,7	2.580
Þungaskattur, fast árgjald .....	2.263	2.053	209	10,2	2.200
Eftirlitsgjöld .....	529	436	93	21,4	457
Ýmis leyfis- og skráningargjöld.....	332	330	3	0,8	71
Vitagjald.. .....	92	87	5	5,7	90
Skipagjald .....	65	63	2	3,3	60
Ýmsir neyslu- og leyfisskattar.....	17	17	0	0,1	17
<b>Aðrir skattar á vörur og þjónustu samtals .....</b>	<b>8.557</b>	<b>8.122</b>	<b>435</b>	<b>5,4</b>	<b>8.085</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>3,6</b>	<b>3,6</b>	.	.	<b>3,2</b>

Skattar á vöru og þjónustu eru almennt skilgreindir sem skattar sem lagðir eru á notkun eða neyslu vöru og þjónustu en eru ekki lagðir á viðskiptin sjálf eða verðmæti vörunnar.

*Bifreiðagjald* er árlegt gjald sem lagt er á bifreiðar sem skráðar eru hér á landi eftir þyngd þeirra.

*Þungaskattur* af díselbifreiðum er bæði innheimtur sem fast árgjald út frá eigin þyngd bifreiðar og ákveðið gjald fyrir hvern ekinn kflómetra miðað við heildarþyngd hennar.

Með ýmsum leyfis- og skráningargjöldum eru m.a. leyfi fyrir atvinnustarfsemi og tengd leyfi, gjöld fyrir veitingu atvinnuréttinda og tengdra leyfa, ýmis söluleyfi, veiðileyfi, ýmis leyfi skv. aukatekjurögum, skráning hlutafélaga, skráning firma, lögskráning sjómannna og skráning kaupmála.

Með *eftirlitsgjöldum* eru veiðieftirlitsgjöld, rafveitueftirlitsgjald, umferðaröryggisgjald, árgjöld og leyfi Lyfjastofnunar, fóðureftirlitsgjald og eftirlitsgjöld áfengisleyfa.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

### 12. Skattar, ótaldir annars staðar

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Skattar, ótaldir annars staðar</b>					
Iðnaðarmálagjald.....	233	185	48	25,9	137
Markaðsgjald.....	212	183	30	16,2	190
Framleiðslugjald af áli .....	65	52	13	24,0	500
Rekstrargjald Póst- og fjarskiptastofnunar .....	74	54	19	35,7	45
Jöfnunargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar.....	15	14	1	6,7	20
Annað .....	116	50	66	131,8	66
<b>Skattar, ótaldir annars staðar samtals.....</b>	<b>714</b>	<b>538</b>	<b>176</b>	<b>32,7</b>	<b>957</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>0,3</b>	<b>0,2</b>	.	.	<b>0,4</b>

Skattar sem teljast ekki undir framangreinda flokka falla hér undir, þar á meðal eru ýmsir skattar á atvinnurekstur.

*Iðnaðarmálagjald, 0,08% er lagt á alla virðisaukaskattskylda veltu iðnaðar í landinu.*

*Markaðsgjald* er lagt á gjaldstofn tryggingagjalds samkvæmt III. kafla laga nr. 117/1993. Gjaldið er 0,05% og er innheimt með tryggingagjaldi.

*Framleiðslugjald af áli* nam alls 162 millj. kr. á árinu 2001. Hlutur ríkisins nam 65 millj. kr. og Hafnarfjarðarkaupstaðar 97 millj. kr.

*Rekstrargjald Pósts- og fjarskiptastofnunar* er 0,25% af bókfærðri veltu fjarskiptafyrirtækja, póstrekkenda og rekstrarleyfishafa til fjarskiptaþjónustu eða reksturs fjarskiptaneta.

### 13. Arðgreiðslur

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Arðgreiðslur</b>					
Hluti af hagnaði Seðlabanka Íslands .....	262	668	-406	-60,8	280
Norræni Fjárfestingarbankinn .....	33	25	8	33,2	
Landssíminn hf.....	565	565	-	-	565
Hagnaður Láanasýslu ríkisins .....	-	35	35	...	-
Landsbanki Íslands hf.....	304	468	-164	-35,0	1
Búnaðarbanki Íslands hf .....	119	326	-207	-63,4	
Landsvirkjun.....	135	125	10	7,8	
Rafmagnsveitir ríkisins.....	253	111	142	127,9	
Íslenskir aðalverktakar hf .....	39	39	-	-	
Hitaveita Suðurnesja hf.....	194	-	194	...	
Aðrar arðgreiðslur .....	14	117	-103	-87,8	
<b>Arðgreiðslur samtals .....</b>	<b>1.917</b>	<b>2.477</b>	<b>-560</b>	<b>-22,6</b>	<b>846</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>0,8</b>	<b>1,1</b>	.	.	<b>0,3</b>

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

### 14. Vextir og aðrar eignatekjur

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Vextir og aðrar eignatekjur</b>					
Vextir af langtímakröfum .....	4.416	3.979	437	11,0	4.000
Dráttarvextir af ríkissjóðstekjum .....	8.570	5.664	2.906	51,3	7.220
Vextir af skammtímakröfum .....	1.465	861	604	70,2	2.520
Dráttarvextir af lánum .....	26	18	8	46,2	
Einkaleyfisgjald Happdrættis Háskóla Íslands.....	114	104	10	9,9	77
Aðrar eignatekjur.....	135	73	63	86,4	27
<b>Vextir og aðrar eignatekjur samtals.....</b>	<b>14.727</b>	<b>10.698</b>	<b>4.029</b>	<b>37,7</b>	<b>13.844</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>6,2</b>	<b>4,8</b>	·	·	<b>5,4</b>

### 15. Neyslu- og leyfisgjöld

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Neyslu- og leyfisgjöld</b>					
<b>Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu</b>					
Afnatagjöld Ríkisútvarpsins .....	1.938	1.777	161	9,1	1.990
Lendingargjöld .....	662	620	42	6,8	575
Skólagjöld .....	458	429	29	6,7	229
Dómsmálagjöld og gjöld fyrir embættisverk sýslum. ....	572	461	111	24,1	70
Ábyrgðar- og áhættugjöld fyrir ríkisábyrgðir .....	219	201	17	8,6	30
Aðgangur að opinberum skrám .....	291	242	48	20,0	203
Vegabréf og ökuskríteini .....	160	199	-39	-19,4	75
Pinglýsingar.....	138	144	-6	-4,1	150
Göngudeildargjöld.....	100	101	-1	-0,6	100
Vottorðsgjöld .....	76	77	-1	-1,1	7
Önnur neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu.....	410	467	-57	-12,2	328
<b>Neyslu- og leyfisgjöld fyrir þjónustu samtals.....</b>	<b>5.024</b>	<b>4.718</b>	<b>306</b>	<b>6,5</b>	<b>3.757</b>
<b>Neyslu- og þjónustugjöld fyrir eftirlit o.fl.</b>					
Eftirlitsgjald fjármálaeftirlits .....	198	193	6	2,9	195
Leyfis- og árgjöld Pósts- og fjarskiptastofnunar .....	81	91	-11	-11,6	72
Eftirlitsgjöld Loftferðaeftirlitsins.....	81	70	11	15,6	32
Vinnueftirlitsgjald.....	71	63	8	12,3	47
Önnur neyslu- og þjónustugjöld fyrir eftirlit .....	328	212	116	54,5	226
<b>Neyslu- og þjónustugjöld fyrir eftirlit o.fl. samtals..</b>	<b>758</b>	<b>629</b>	<b>129</b>	<b>20,6</b>	<b>572</b>
<b>Neyslu- og leyfisgjöld samtals.....</b>	<b>5.782</b>	<b>5.347</b>	<b>435</b>	<b>8,1</b>	<b>4.328</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>2,4</b>	<b>2,4</b>	·	·	<b>1,7</b>

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Undir liðinn *neyslu- og leyfisgjöld* færast ýmsar greiðslur fyrir tiltekna þjónustu eða eftirlit sem er skyldubundið og verður aðeins veitt á vegum hins opinbera.

Með öðrum *neyslu- og leyfisgjöldum* fyrir þjónustu eru gjöld fyrir einkaleyfi, vörumerki og hönnunarvernd, prófgjöld, afgreiðslugjald skipa, tollaf-

greiðslugjald, auglýsingar í Lögbirtingablaði og ýmis þjónustugjöld.

Með öðrum *neyslu- og þjónustugjöldum* fyrir eftirlit eru m.a. heilbrigðiseftirlitsgjald með sláturafurðum, eftirlitsgjöld til Löggildingarstofu, skoðunargjald kvíkmynda, vopnaleitargjald og þjónustugjöld Lyfjastofnunar.

## 16. Sektir

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/Fjáraukalög 2001
<b>Sektir</b>					
Lögreglustjórasektir .....	368	315	52	16,7	298
Dómsektir .....	340	172	168	97,6	116
Ýmsar sektir .....	140	21	119	558,9	45
<b>Sektir samtals.....</b>	<b>848</b>	<b>508</b>	<b>339</b>	<b>66,7</b>	<b>458</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>0,4</b>	<b>0,2</b>	.	.	<b>0,2</b>

## 17. Sala eigna

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/Fjáraukalög 2001
<b>Sala eigna</b>					
Söluhagnaður af hlutabréfum .....	535	117	418	355,9	21.500
Fasteignir .....	140	416	-275	-66,2	-
Sala á landi og réttindum o.fl.....	343	102	242	237,4	16
Sala á stærri vélum og tækjum.....	46	-	46	...	-
<b>Sala eigna samtals.....</b>	<b>1.065</b>	<b>635</b>	<b>430</b>	<b>67,7</b>	<b>21.516</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>0,4</b>	<b>0,3</b>	.	.	<b>8,5</b>

*Söluhagnaður af hlutabréfum* á árinu 2001 er til kominn vegna sölu á hlutabréfum ríkissjóðs í Stofnfiski hf 225 millj. kr. og hluta í Landssíma Íslands 310 millj. kr.

Áætlanir ársins 2001 í fjárlögum og fjárauka-

lögum gerðu ráð fyrir 21.500 millj. kr. söluhagnaði í tengslum við sölu ríkisins á hlutabréfum í Lands síma Íslands hf., Búnaðarbanka Íslands hf. og Landsbanka Íslands hf. Þessi áform gengu ekki eftir á árinu 2001.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

### 18. Fjárfamlög

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>Fjárfamlög</b>					
Fjárframlag Happdrættis HÍ til Háskóla Íslands .....	330	325	5	1,5	325
Sveitarfélög, viðbótarframlag vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara.....	403	328	75	22,8	-
Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Vísindasjóðs .....	145	145	-	-	145
Hluti Seðlabanka Íslands í rekstri Þjóðhagsstofnunar ..	63	60	4	6,1	62
Umsýsluþóknun vegna tekjustofna vegaáætlunar.....	51	50	1	2,3	50
Hluti sveitarfélaga í innheimtukostnaði .....	255	215	40	18,5	220
Hluti sveitarfélaga í Listaháskóla Íslands.....	-	74	-74	...	-
Hluti sveitarfélaga í rekstri Umferðarskólans .....	9	9	0	3,1	-
Önnur fjárfamlög .....	32	26	6	24,6	24
<b>Fjárfamlög samtals.....</b>	<b>1.288</b>	<b>1.231</b>	<b>57</b>	<b>4,6</b>	<b>825</b>
<b>Hlutfall af heildartekjum ríkissjóðs, %.....</b>	<b>0,5</b>	<b>0,5</b>	.	.	<b>0,3</b>

Undir fjárfamlög falla óendurkræf framlög af ýmsu tagi frá öðrum opinberum aðilum.

### 19. Gjöld A-hluta ríkissjóðs

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs voru alls 228.713 milljónir króna á árinu 2001 eða sem nemur 30,5% af landsframleiðslu ársins. Árið 2000 námu heildargjöldin 229.001 millj. kr. og lækkuðu þau því um 288 millj. kr. eða 0,1% á milli ára. Vísitala neysluverðs hækkaði um 6,7% að meðaltali á milli áranna 2000 og 2001. Að raungildi nemur lækkun gjalda ríkissjóðs á milli ára því 6,4% miðað við breytingar neysluverðsvísítölnnar. Í aðalatriðum skýrist lækkunin af tveimur liðum, þ.e. gjaldfærsla lífeyrisskuldbindinga er 22.265 millj. kr. lægri á árinu 2001 en árið á undan og afskriftir skattkrafna 5.406 millj. kr. lægri. Að þessum liðum frátöldum hækkuðu gjöldin um 7,0% að raungildi. Hækkunin skýrist meðal annars af áhrifum kjarasamninga og af almennri verðlags- og gengisþróun á árinu 2001.

Útgjöld til fræðslumála námu 20.987 millj. kr. á árinu 2001, hækkuðu um 4.084 millj. kr. eða um 24,2% sem er töluvert umfram almennar verðlagsbreytingar. Stafar það meðal annars af launahækjunum framhaldsskólakennara eftir kjarasamning við þá í ársbyrjun 2001 og kostnaði af viðbótarvinnu kennara eftir lok verkfalls þeirra. Framlag til framhaldsskólastigsins hækkaði um 2.393 millj. kr. eða 35,0% á milli ára. Þá hækkaði framlag til Lánasjóðs íslenskra námsmanna um 510 millj. kr. eða 26,7%. Af öðrum útgjaldaliðum sem hækka umfram almennar verðlagsbreytingar má nefna framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, greiðslur vegna fæðingarorlofs og vegna búvorusamninga.

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2001 voru hæst hjá heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti eða 37,0% af heildinni, menntamálaráðuneyti 11,7%, fjármála-

ráðuneyti 10,4%, félagsmálaráðuneyti 7,3%, samgönguráðuneyti 6,9%, dóms- og kirkjumálaráðuneyti 5,6% og landbúnaðarráðuneyti 4,8%. Gjöld annarra ráðuneyta voru lægri. Loks nam fjármagnskostnaður 7,8% af gjöldum ríkissjóðs á árinu 2001.

Heildarfjárheimildir gjalda námu 240.891 millj. kr. á árinu 2001, þar af voru 219.164 millj. kr. samkvæmt fjárlögum, fjárukalögum 14.957 millj. kr., fluttar fjárheimildir frá árinu 2000 alls 4.105 millj. kr. og heimildir til ráðstöfunar vegna ríkistekna stofnana 2.665 millj. kr. (séryfirlit 4 bls. 122). Gjöld ríkissjóðs voru því 12.178 millj. kr. undir heildarfjárheimildum á árinu 2001. Þau frávik eiga sér margvíslegar skýringar eins og kemur glöggöt fram í séryfirliti 2 á bls. 94. Af einstökum stórum liðum þar sem fjárheimildir eru ekki nýttar má nefna lífeyrisskuldbindingar 8.296 millj. kr., fjármagnstejkuskattur 1.585 millj. kr., Siglingastofnun 1.047 millj. kr. og Ofanflóðasjóð 846 millj. kr. Stærstu liðirnir þar sem gjöld fóru fram úr fjárheimildum voru afskriftir skattkrafna 1.617 millj. kr. og fjármagnskostnaður 633 millj. kr. Frávik þessara liða frá heimildum skýrast oft af því að um sveiflubundin útgjöld er að ræða eins og varðandi lífeyrisskuldbindingar, afskriftir skattkrafna, fjármagnstejkuskatt og fjármagnskostnað.

Gjöldum A-hluta ríkissjóðs er skipt á málaflokka. Er þar lagður til grundvallar alþjóðlegur staðall Sameinuðu þjóðanna (Classification of the Functions of Government, COFOG). Í eftirfarandi yfirliti er sýnd skipting gjalda áranna 2000 og 2001.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Í millj. kr.	Reikn ingur 2001	Reikn ingur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildar- fjárheimildir 2001
<b>Almenn mál .....</b>	<b>24.263</b>	<b>22.875</b>	<b>1.387</b>	<b>6,1</b>	<b>26.919</b>
Almenn opinber mál .....	13.452	13.026	426	3,3	14.773
Löggæsla og öryggismál .....	10.811	9.850	961	9,8	12.146
<b>Félagsmál .....</b>	<b>136.289</b>	<b>120.047</b>	<b>16.242</b>	<b>13,5</b>	<b>136.100</b>
Fræðslumál .....	20.987	16.904	4.084	24,2	21.563
Heilbrigðismál .....	57.235	51.396	5.839	11,4	56.037
Almannatryggingar .....	40.491	36.070	4.421	12,3	40.518
Velferðarmál .....	6.202	5.395	807	15,0	5.893
Húsnaðis-, skipulags- og hreinsunarmál .....	2.209	1.820	389	21,4	2.343
Menningarmál .....	9.164	8.462	702	8,3	9.745
<b>Atvinnumál .....</b>	<b>36.477</b>	<b>30.966</b>	<b>5.511</b>	<b>17,8</b>	<b>38.671</b>
Eldsneytis- og orkumál .....	1.855	1.746	109	6,3	2.059
Landbúnaðar- og skógræktarmál .....	10.656	9.107	1.549	17,0	10.622
Sjávarútvegsmál .....	2.822	2.508	313	12,5	3.632
Iðnaðarmál .....	757	649	107	16,6	806
Samgöngumál .....	15.911	13.423	2.488	18,5	17.354
Önnur útgjöld vegna atvinnumála .....	4.477	3.533	944	26,7	4.198
<b>Önnur útgjöld ríkissjóðs .....</b>	<b>31.684</b>	<b>55.113</b>	<b>-23.429</b>	<b>-42,5</b>	<b>39.201</b>
Vextir og lántökukostnaður .....	17.923	15.245	2.678	17,6	17.290
Lífeyrisskuldbindingar .....	2.612	24.877	-22.265	-89,5	9.535
Afskriftir skattkrafna .....	5.617	11.350	-5.734	-50,5	4.000
Önnur mál .....	5.532	3.640	1.892	52,0	8.376
<b>Gjöld alls .....</b>	<b>228.713</b>	<b>229.001</b>	<b>-288</b>	<b>-0,1</b>	<b>240.891</b>

Útgjaldapögstu málaflokkar ríkissjóðs á árinu 2001 eru sem fyrr heilbrigðismál með 25,0% af heildargjöldum ríkissjóðs, almannatryggingar 17,7%, fræðslumál 9,2% og atvinnumál 15,9%. Loks nam fjármagnskostnaður 7,8% af gjöldum ríkissjóðs. Að gefnu tilefni skal tekið fram að samkvæmt staðlinum flokkast gjöld vegna yfirstjórnar ráðuneyta almennt með gjöldum þeirra málaflokka sem undir þau heyra.

Heildargjöld A-hluta ríkissjóðs skiptust þannig á árinu 2001 að rekstrargjöld námu 47,9%, rekstrar- og neyslutilfærslur 42,0%, viðhaldsframkvæmdir 2,5%, stofnkostnaður 5,4% og fjármagnstilfærslur 2,2%.

Eftirfarandi yfirlit sýnir skiptingu gjalda ríkissjóðs eftir hagrænu eðli þeirra og helstu verkefnum árin 2000 og 2001.

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Fjárlög/ Fjáraukalög 2001
<b>1. Rekstrargjöld</b>					
Laun .....	62.279	53.949	8.330	15,4	68.289
Lífeyrisskuldbindingar .....	2.612	24.877	-22.265	-89,5	9.535
Önnur gjöld .....	43.201	36.969	6.233	16,9	32.561
Sértekjur stofnana.....	-16.414	-13.763	-2.651	19,3	-11.114
<b>Rekstrargjöld án fjármagnskostnaðar alls .....</b>	<b>91.678</b>	<b>102.031</b>	<b>-10.353</b>	<b>-10,1</b>	<b>99.270</b>
Fjármagnskostnaður .....	17.923	15.245	2.678	17,6	17.290
<b>Rekstrargjöld alls .....</b>	<b>109.601</b>	<b>117.276</b>	<b>-7.675</b>	<b>-6,5</b>	<b>116.560</b>
<b>2. Rekstrar- og neyslutilfærslur</b>					
Lífeyristryggingar.....	19.944	20.090	-147	-0,7	20.100
Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð .....	5.823	5.435	388	7,1	5.836
Sjúkratryggingar.....	11.663	10.873	790	7,3	11.632
Daggjaldastofnanir .....	3.656	4.047	-391	-9,7	3.539
Greiðslur vegna búvöruframleiðslu .....	7.295	6.200	1.095	17,7	7.123
Afskriftir skattkrafna .....	5.944	11.350	-5.406	-47,6	4.000
Barnabætur .....	4.559	3.702	857	23,1	4.430
Vaxtabætur.....	4.721	4.309	412	9,6	4.485
Framlag í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.....	5.763	4.200	1.564	37,2	5.578
Atvinnuleysistryggingasjóður .....	1.592	1.444	147	10,2	1.822
Láanasjóður íslenskra námsmanna .....	2.420	1.910	510	26,7	2.420
Ríkisútværpið .....	1.938	1.777	161	9,1	1.990
Sóknargjöld .....	1.450	1.311	139	10,6	1.451
Aðrar rekstrar- og neyslutilfærslur .....	19.339	14.925	4.414	29,6	20.475
<b>Rekstrar- og neyslutilfærslur alls .....</b>	<b>96.107</b>	<b>91.573</b>	<b>4.534</b>	<b>5,0</b>	<b>94.881</b>
<b>3. Viðhald</b>					
Vegagerð .....	4.187	4.151	36	0,9	4.228
Annað .....	1.492	1.112	379	34,1	1.254
<b>Viðhald alls .....</b>	<b>5.678</b>	<b>5.263</b>	<b>415</b>	<b>7,9</b>	<b>5.482</b>
<b>4. Stofnkostnaður</b>					
Vegagerð .....	5.756	4.556	1.200	26,3	6.055
Skólar .....	1.014	854	160	18,8	973
Sjúkrahús og heilsugæslustöðvar .....	1.072	1.010	62	6,1	1.094
Flugvellir .....	1.072	882	191	21,6	961
Annað .....	3.323	3.285	38	1,2	3.194
<b>Stofnkostnaður alls .....</b>	<b>12.237</b>	<b>10.587</b>	<b>1.651</b>	<b>15,6</b>	<b>12.277</b>
<b>5. Fjármagnstilfærslur</b>					
Próunarsjóður sjávarútvegsins.....	613	630	-17	-2,7	560
Hafnamál .....	888	292	596	204,1	1.260
Ofanflóðasjóður .....	368	324	45	13,8	393
Vegagerð .....	311	75	237	317,9	-
Tæknisjóður og Bygginga- og tækjasjóður .....	294	242	52	21,4	265
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga .....	265	265	-	-	265
Byggðastofnun .....	300	300	-	-	300
Annað .....	2.050	2.175	-125	-5,8	1.855
<b>Fjármagnstilfærslur alls .....</b>	<b>5.089</b>	<b>4.302</b>	<b>787</b>	<b>18,3</b>	<b>4.898</b>
<b>6. Gjöld alls .....</b>	<b>228.713</b>	<b>229.001</b>	<b>-288</b>	<b>-0,1</b>	<b>234.098</b>

**Rekstrargjöld** A-hluta námu alls 109.601 millj. kr. á árinu 2001 eða um 47,9% af heildargjöldum ríkissjóðs. Af heildargjöldum ríkissjóðs vegna rekstrar námu laun og launatengd gjöld 27,2%, lifeyrisskuldbindingar 1,1%, önnur gjöld 18,9% og fjármagnskostnaður 7,8%. Á móti þessum útgjöldum námu sértekjur af rekstri stofnana um 7,2%. Rekstrargjöld ríkissjóðs án fjármagnskostnaðar námu alls 91.678 millj. kr. eða um 40,1% af heildargjöldum.

**Rekstrar- og neyslutilfærslur** A-hluta námu alls 96.107 millj. kr. á árinu 2001 eða um 42,0% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs. Þar ber hæst gjöld vegna lífeyris-, slysa- og sjúkratrygginga, daggjaldastofnana og bætur vegna félagslegrar aðstoðar alls 41.086 millj. kr. eða um 18,0% af heildargjöldunum. Rekstrartilfærslur til ríkisfyrirtækja alls 2.318 millj. kr. eða um 1,0% af gjöldum ríkissjóðs. Þar af voru 1.938 millj. kr. vegna afnotagjalda Ríkisútvarpsins og 211 millj. kr. til Sinfóniuhljómsveitar Íslands. Tilfærslur til sveitarfélaga námu alls 7.396 millj. kr. eða um 3,2% af gjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst gjöld vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 5.763 millj. kr. Rekstrartilfærslur til fyrirtækja og atvinnuvega urðu alls 15.301 millj. kr. eða um 6,7% af gjöldum ríkissjóðs. Þar af námu afskriftir skattkrafna 4.755

millj. kr. og gjöld vegna landbúnaðarmála 8.260 millj. kr. Afskriftir vegna skattkrafna einstaklinga námu 1.189 millj. kr. Tilfærslur til erlendra aðila námu 1.356 millj. kr. á árinu 2001, þar ber hæst framlög til alþjóðastofnana 534 millj. kr., alþjóðlegra samskipta 307 millj. kr. og til þróunarmála og alþjóðlegrar hjálparstarfsemi 157 millj. kr.

**Viðhaldsútgjöld** A-hluta námu alls 5.678 millj. kr. á árinu 2001 eða um 2,5% af heildargjöldum A-hluta. Uppistaðan í þessum útgjaldaflokki ríkissjóðs er vegna vegamála, 4.187 millj. kr.

**Stofnkostnaður** A-hluta nam alls 12.237 millj. kr. á árinu 2001 eða um 5,4% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar vega þyngst framlög til vegagerðar 5.756 millj. kr., sjúkrahús og heilsugæslustöðvar 1.072 millj. kr., flugvalla 1.072 millj. kr. og byggingu og búnaður vegna skólmannvirkja 1.014 millj. kr.

**Fjármagnstilfærslur** A-hluta námu alls 5.089 millj. kr. á árinu 2001 eða um 2,2% af heildargjöldum ríkissjóðs. Þar ber hæst gjöld vegna Próunarsjóðs sjávarútvegsins 613 millj. kr., hafnamála 888 millj. kr., Ofanflóðasjóðs 368 millj. kr., Vegagerðar vegna sveitarfélaga o. fl. 311 millj. kr. og Byggðastofnunar 300 millj. kr.

## 20. Gjöld æðstu stjórnar ríkisins

Gjöld æðstu stjórnar ríkisins námu 2.111 millj. kr. á árinu 2001 og lækkuðu um 38 millj. kr. eða 1,8% frá árinu á undan. Gjöldin námu 0,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 og er það sama hlutfall og árið á undan. Heildarfjár-

heimildir ársins 2001 námu 2.203 millj. kr. og voru þær því 92 millj. kr. eða 4,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld æðstu stjórnar á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Opinber þjónusta .....	1.962	2.014	-52	-2,6	2.054
Dómstólar.....	149	136	13	9,8	149
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>2.111</b>	<b>2.149</b>	<b>-38</b>	<b>-1,8</b>	<b>2.203</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	1.912	1.830	82	4,5	.
Rekstrargjöld .....	1.858	1.780	78	4,4	.
Rekstrartilfærslur.....	54	50	4	8,0	.
Viðhaldskostnaður .....	28	21	7	33,3	.
Fjárfesting .....	171	298	-127	-42,6	.
Stofnkostnaður .....	171	298	-127	-42,6	.
Fjármagnstilfærslur .....	-	-	-	-	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>2.111</b>	<b>2.149</b>	<b>-38</b>	<b>-1,8</b>	<b>2.203</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>0,9</b>	<b>0,9</b>	.	.	<b>0,9</b>

Gjöld æðstu stjórnar skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 88,0%, rekstrartilfærslur 2,6%, viðhaldskostnaður 1,3% og stofnkostnaður 8,1%.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur

og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem falla undir æðstu stjórn eftir málefnaflokkum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 21. Gjöld forsætisráðuneytis

Gjöld forsætisráðuneytis námu 1.146 millj. kr. á árinu 2001, lækkuðu um 312 millj. kr. eða um 21,4% frá árinu 2000. Lækkunin á milli ára skýrist af sérstökum fjárveitingum á árinu 2000 í tengslum við 1000 ára afmæli kristnitöku hér á landi og landafundaneftnd. Gjöld ráðuneytisins námu 0,5% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á

árinu 2001 samanborið við 0,6% árið á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 1.554 millj. kr. og voru þær því 408 millj. kr. eða 26,3% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld forsætisráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Opinber þjónusta .....	817	1.255	-438	-34,9	1.076
Annað .....	329	203	126	61,8	479
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>1.146</b>	<b>1.459</b>	<b>-312</b>	<b>-21,4</b>	<b>1.554</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	977	1.292	-315	-24,4	.
Rekstrargjöld .....	751	930	-179	-19,2	.
Rekstrartilfærslur.....	226	362	-136	-37,6	.
Viðhaldskostnaður .....	20	12	8	66,7	.
Fjárfesting .....	150	155	-5	-3,2	.
Stofnkostnaður .....	70	123	-53	-43,1	.
Fjármagnstilfærslur .....	80	32	48	150,0	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>1.146</b>	<b>1.459</b>	<b>-312</b>	<b>-21,4</b>	<b>1.554</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>0,5</b>	<b>0,6</b>	.	.	<b>0,6</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 65,5%, rekstrartilfærslur 19,7%, viðhaldskostnaður 1,7%, stofnkostnaður 6,1% og fjármagnstilfærslur 7,0%.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur

og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir forsætisráðuneytið eftir málaflokkum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 22. Gjöld menntamálaráðuneytis

Gjöld menntamálaráðuneytis námu 26.803 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 4.343 millj. kr. eða 19,3% frá árinu á undan. Mikil hækjun á milli ára skýrist meðal annars af auknum framlögum til framhaldsskóla eftir nýja kjarasamninga í ársbyrjun 2001 og af 510 millj. kr. hækjun á framlagi til Lánaþjóðs íslenskra námsmanna. Gjöld ráðuneytisins námu 11,7% af heildar-

gjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 9,8% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 27.697 millj. kr. og voru þær því 895 millj. kr. eða 3,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld menntamálaráðuneytis á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Æðra skólastig .....	9.545	8.127	1.418	17,5	9.794
Framhaldsskólastig .....	9.221	6.828	2.393	35,0	9.362
Grunnskólastig .....	450	362	88	24,3	484
Önnur fræðslumál ótalín annars staðar .....	671	556	115	20,8	706
Menningarmál .....	5.438	5.206	232	4,5	5.733
Opinber þjónusta .....	402	369	33	8,9	408
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins .....	446	444	1	0,3	526
Annað .....	630	567	63	11,1	687
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>26.803</b>	<b>22.459</b>	<b>4.343</b>	<b>19,3</b>	<b>27.697</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður .....	24.402	19.930	4.472	22,4	.
Rekstrargjöld .....	16.503	13.003	3.500	26,9	.
Rekstrartilfærslur .....	7.899	6.927	972	14,0	.
Viðhaldskostnaður .....	154	309	-155	-50,2	.
Fjárfesting .....	2.246	2.220	26	1,2	.
Stofnkostnaður .....	1.205	1.384	-179	-12,9	.
Fjármagnstilfærslur .....	1.041	836	205	24,5	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>26.803</b>	<b>22.459</b>	<b>4.343</b>	<b>19,3</b>	<b>27.697</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>11,7</b>	<b>9,8</b>	.	.	<b>11,5</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 61,6%, rekstrartilfærslur 29,5%, viðhaldskostnaður 0,6%, stofnkostnaður 4,5% og fjármagnstilfærslur 3,9%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 19.887 millj. kr. eða 74,2% til fræðslumála, þar af voru 9.545 millj. kr. vegna æðra skólastigs og 9.221 millj. kr. vegna framhaldsskólastigs. Stærstu liðirnir undir málefnaflokknum æðra skólastig voru Háskóli Íslands 3.704 millj. kr., Lánaþjóður íslenskra námsmanna 2.420 millj. kr., Kennaraháskóli Íslands 872 millj.

kr. og Háskólinn á Akureyri 475 millj. kr. Undir málefnaflokkinn framhaldsskólastig falla mennta-, fjölbrauta-, verkmennata-, iðn- og sérskólar á framhaldsskólastigi. Gjöld vegna menningarmála námu 5.438 millj. kr. eða 20,3%. Þar vega þyngst afnotagjöld Ríkisúrvárpsins 1.938 millj. kr., framlag til Þjóðleikhússins 437 millj. kr. og Landsbókasafns 414 millj. kr. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu alls 1.478 millj. kr. eða 5,5%. Fjárfrekustu liðirnir þar eru framlög vegna jöfnunar á námskostnaði 415 millj. kr. og gjöld vegna alþjóðlegra samskipta 388 millj. kr.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir menntamálaráðuneytið eftir málaflokkum.

Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 23. Gjöld utanríkisráðuneytis

Gjöld utanríkisráðuneytisins námu 4.965 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 158 millj. kr. eða 3,3% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 2,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 2,1% árið 2000. Heildarfjárh

heimildir ársins 2001 námu 5.599 millj. kr. og voru þær því 634 millj. kr. eða 11,3% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld utanríkisráðuneytis á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Opinber þjónusta .....	3.359	3.450	-91	-2,6	3.606
Erlend efnahagsaðstoð .....	637	445	192	43,1	731
Löggæsla og brunavarnir .....	290	226	64	28,6	317
Loftsamgöngur .....	466	512	-46	-8,9	733
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins .....	212	174	38	21,7	212
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>4.965</b>	<b>4.807</b>	<b>158</b>	<b>3,3</b>	<b>5.599</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður .....	4.447	3.980	467	11,7	.
Rekstrargjöld .....	3.399	3.072	327	10,6	.
Rekstrartilfærslur .....	1.048	908	140	15,4	.
Viðhaldskostnaður .....	46	30	15	50,3	.
Fjárfesting .....	472	797	-324	-40,7	.
Stofnkostnaður .....	468	795	-326	-41,1	.
Fjármagnstilfærslur .....	4	2	2	100,0	.
<b>Gjöld samtals .....</b>	<b>4.965</b>	<b>4.807</b>	<b>158</b>	<b>3,3</b>	<b>5.599</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>2,2</b>	<b>2,1</b>	.	.	<b>2,3</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 68,5%, rekstrartilfærslur 21,1%, viðhaldskostnaður 0,9% og stofnkostnaður 9,5%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 3.359 millj. kr. eða 67,7% til málaflokkins opinber þjónusta sem er að stærstum hluta vegna reksturs aðalskrifstofu ráðuneytisins og sendiráða Íslands erlendis. Gjöld vegna erlendar efnahagsaðstoðar námu 637 millj. kr. eða 12,8%, þar af vegna Þróunarsamvinnu-

stofnunar 480 millj. kr. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu alls 968 millj. kr. eða 19,5%.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir utanríkisráðuneytið eftir málaflokkum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 24. Gjöld landbúnaðarráðuneytis

Gjöld landbúnaðarráðuneytis námu 11.039 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 1.537 millj. kr. eða 16,2% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 4,8% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 4,1% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 11.027 millj. kr.

og voru gjöld ársins því 12 millj. kr. eða 0,1% umfram fjárheimildir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld landbúnaðarráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Landbúnaðarmál .....	10.153	8.651	1.502	17,4	10.100
Skógræktarmál.....	502	456	47	10,2	522
Framhaldsskólastig .....	383	396	-12	-3,1	405
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>11.039</b>	<b>9.502</b>	<b>1.537</b>	<b>16,2</b>	<b>11.027</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	10.537	9.011	1.526	16,9	.
Rekstrargjöld.....	1.825	1.585	240	15,1	.
Rekstrartilfærslur.....	8.712	7.426	1.286	17,3	.
Viðhaldskostnaður .....	26	-9	34	.	.
Fjárfesting .....	477	501	-24	-4,8	.
Stofnkostnaður .....	178	217	-39	-18,0	.
Fjármagnstilfærslur .....	299	283	15	5,4	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>11.039</b>	<b>9.502</b>	<b>1.537</b>	<b>16,2</b>	<b>11.027</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>4,8</b>	<b>4,1</b>	.	.	<b>4,6</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 16,5%, rekstrartilfærslur 78,9%, viðhald 0,2%, stofnkostnaður 1,6% og fjármagnstilfærslur 2,7%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 10.219 millj. kr. eða 92,6% til landbúnaðarmála þar af voru 3.881 millj. kr. vegna greiðslna til bænda í mjólkurframleiðslu og 3.138 millj. kr. vegna sauðfjárframleiðslu. Gjöld vegna skógræktar námu 437 millj. kr.

eða 4,0% og vegna framhaldsskóla 383 millj. kr. eða 3,5%.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir landbúnaðarráðuneytið eftir máleflokum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 25. Gjöld sjávarútvegsráðuneytis

Gjöld sjávarútvegsráðuneytis námu 2.813 millj. kr. á árinu 2001, hækkuðu um 305 millj. kr. eða 12,2% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 1,1% árið 2000. Heildarfjár-

heimildir ársins 2001 námu 3.632 millj. kr. og voru því 819 millj. kr. eða 22,5% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld sjávarútvegsráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Sjávarútvegsmál.....	2.813	2.508	305	12,2	3.632
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>2.813</b>	<b>2.508</b>	<b>305</b>	<b>12,2</b>	<b>3.632</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	2.194	1.814	380	20,9	.
Rekstrargjöld.....	1.986	1.626	361	22,2	.
Rekstrartilfærslur.....	208	188	20	10,4	.
Viðhaldskostnaður .....	10	7	3	49,9	.
Fjárfesting .....	609	687	-79	-11,5	.
Stofnkostnaður .....	-12	47	-60	.	.
Fjármagnstilfærslur .....	621	640	-19	-3,0	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>2.813</b>	<b>2.508</b>	<b>305</b>	<b>12,2</b>	<b>3.632</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>1,2</b>	<b>1,1</b>	.	.	<b>1,5</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 70,6%, rekstrartilfærslur 7,4%, viðhaldskostnaður 0,4%, stofnkostnaður -0,4% og fjármagnstilfærslur 22,1%.

Öll gjöld ráðuneytisins falla undir málaflokkinn sjávarútvegsmál. Þar vega þyngst gjöld vegna Haf-rannsóknastofnunar 1.032 millj. kr., Þróunarsjóðs sjávarútvegsins 613 millj. kr. og Fiskistofu 526 millj. kr.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir sjávarútvegsráðuneytið eftir málaflokkum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 26. Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis

Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis námu 12.901 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 1.327 millj. kr. eða 11,5% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 5,6% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við 5,1% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 13.088

millj. kr. og voru því 187 millj. kr. eða 1,4% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytis á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Dómstólar.....	1.346	1.179	166	14,1	1.343
Löggæsla og brunavarnir.....	5.786	5.191	595	11,5	5.943
Fangelsi.....	595	495	100	20,2	615
Önnur réttar- og öryggismál .....	1.716	1.600	115	7,2	1.750
Menningarmál .....	3.368	3.019	349	11,6	3.401
Opinber þjónusta .....	88	88	0	-0,5	26
Annað .....	2	0	2	...	11
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>12.901</b>	<b>11.574</b>	<b>1.327</b>	<b>11,5</b>	<b>13.088</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	12.321	11.035	1.287	11,7	.
Rekstrargjöld .....	9.720	8.677	1.043	12,0	.
Rekstrartilfærslur.....	2.602	2.358	243	10,3	.
Viðhaldskostnaður .....	272	37	235	632,7	.
Fjárfesting .....	308	502	-194	-38,6	.
Stofnkostnaður .....	226	436	-211	-48,3	.
Fjármagnstilfærslur .....	83	66	17	25,8	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>12.901</b>	<b>11.574</b>	<b>1.327</b>	<b>11,5</b>	<b>13.088</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>5,6</b>	<b>5,1</b>	.	.	<b>5,4</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 75,3%, rekstrartilfærslur 20,2%, viðhaldskostnaður 2,1%, stofnkostnaður 1,7% og fjármagnstilfærslur 0,6%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 5.786 millj. kr. eða 44,9% til löggæslu hjá lögregluembættum, kostnaðar sýslumannsembætta við löggæslu og Landhelgisgæslunnar. Gjöld vegna dómstóla námu 1.346 millj. kr. eða 10,4% en þar vegur þyngst kostnaður vegna aðalskrifstofu dóms- og kirkjumálaráðuneytis, héraðsdómstóla og málskostnaðar í opinberum málum. Gjöld til menning-

armála námu 3.368 millj. kr. eða 26,1% og er þar einkum um að ræða útgjöld vegna kirkjulegra mál-efna. Önnur útgjöld ráðuneytisins námu 2.400 millj. kr. eða 18,6%, þar af voru 595 millj. kr. vegna fangelsa og 1.412 millj. kr. vegna yfirstjórnar sýslumannsembættanna.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir dóms- og kirkjumálaráðuneytið eftir málaflokkum. Þar kemur glöggjt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 27. Gjöld félagsmálaráðuneytis

Gjöld félagsmálaráðuneytis námu 16.767 millj. kr. á árinu 2001, hækkuðu um 5.501 millj. kr. á milli ára eða um 48,8%. Mikil hækkun á milli ára skýrist einkum af framlagi vegna fæðingarorlofs 2.853 millj. kr. og af hækkun á framlagi til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um 1.564 millj. kr. eða 35,0%. Gjöld ráðuneytisins námu 7,3% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við

4,9% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 16.410 millj. kr. og voru gjöld ársins því 357 millj. kr. eða 2,2% umfram fjárheimildir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld félagsmálaráðuneytis á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Velferðarmál .....	5.303	4.581	723	15,8	5.101
Almannatryggingar .....	4.415	1.438	2.977	207,1	4.394
Húsnæðis- og skipulagsmál .....	96	122	-26	-21,4	93
Almenn launa- og atvinnumál .....	902	640	262	41,0	956
Önnur útgjöld ríkissjóðs .....	6.050	4.486	1.564	34,9	5.865
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>16.767</b>	<b>11.266</b>	<b>5.501</b>	<b>48,8</b>	<b>16.410</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	16.155	10.571	5.584	52,8	.
Rekstrargjöld.....	4.054	3.280	774	23,6	.
Rekstrartilfærslur.....	12.100	7.291	4.809	66,0	.
Viðhaldskostnaður .....	52	68	-16	-23,9	.
Fjárfesting .....	560	627	-66	-10,6	.
Stofnkostnaður .....	198	133	65	49,1	.
Fjármagnstilfærslur .....	362	494	-132	-26,7	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>16.767</b>	<b>11.266</b>	<b>5.501</b>	<b>48,8</b>	<b>16.410</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>7,3</b>	<b>4,9</b>	.	.	<b>6,8</b>

Gjöldin skiptust þannig að rekstrargjöld námu 24,2%, rekstrartilfærslur 72,2%, viðhaldskostnaður 0,3%, stofnkostnaður 1,2% og fjármagnstilfærslur 2,2%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 5.303 millj. kr. eða 31,6% til velferðarmála og er þar einkum um að ræða útgjöld vegna málefna fatlaðra. Gjöld vegna almannatrygginga námu 4.415 millj. kr. eða 26,3%, þar af voru 2.853 millj. kr. vegna fæðingarorlofs og 1.403 millj. kr. til Atvinnuleysis-

tryggingasjóðs. Gjöld vegna annarra málflokka ráðuneytisins námu alls 7.048 millj. kr. eða 42,0%. Þar vega þyngst framlög til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 6.028 millj. kr.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) er koma fram reiknings-tölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir félagsmálaráðuneytið eftir mála-flokkum. Þar kemur glöggjt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 28. Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis námu 84.559 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 6.080 millj. kr. eða 7,7% frá árinu 2000. Gjöld ráðuneytisins námu 37,0% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 34,3% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001

námu 83.610 millj. kr. og voru gjöld ársins því 948 millj. kr. eða 1,1% umfram fjárheimildir.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Sjúkrahúsajónusta .....	39.531	35.388	4.143	11,7	38.610
Heilsugæsla.....	10.018	8.815	1.203	13,6	9.519
Lyf og hjálpartæki .....	5.935	5.648	287	5,1	6.026
Önnur heilbrigðismál.....	1.532	1.358	174	12,8	1.651
Almannatryggingar .....	26.717	26.539	179	0,7	27.089
Velferðarmál .....	825	731	94	12,9	715
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>84.559</b>	<b>78.479</b>	<b>6.080</b>	<b>7,7</b>	<b>83.610</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	82.575	76.840	5.734	7,5	.
Rekstrargjöld .....	39.558	34.608	4.950	14,3	.
Rekstrartilfærslur.....	43.017	42.232	784	1,9	.
Viðhaldskostnaður .....	438	269	169	62,6	.
Fjárfesting .....	1.546	1.369	176	12,9	.
Stofnkostnaður .....	1.221	1.097	124	11,3	.
Fjármagnstilfærslur .....	325	272	52	19,2	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>84.559</b>	<b>78.479</b>	<b>6.080</b>	<b>7,7</b>	<b>83.610</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>37,0</b>	<b>34,3</b>	.	.	<b>34,7</b>

Gjöld ráðuneytisins á árinu 2001 skiptust þannig að rekstrargjöld námu 46,8%, rekstrartilfærslur 50,9%, viðhaldskostnaður 0,5%, stofnkostnaður 1,4% og fjármagnstilfærslur 0,4%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu alls 57.016 millj. kr. eða 67,4% til heilbrigðismála, 26.717 millj. kr. eða 31,6% til almannatrygginga og 825 millj. kr. eða 1,0% til velferðarmála.

*Heilbrigðismál.* Útgjöld til heilbrigðismála skiptust þannig að til sjúkrahúsajónustu fóru 39.531 millj. kr., heilsugæslu 10.018 millj. kr. og kostnaður af lyfjum og hjálpartækjum nam 5.935 millj. kr. Önnur útgjöld til heilbrigðismála námu 1.532 millj. kr. Fjárfrekstu liðirnir í málaflokknum sjúkrahúsajónusta eru gjöld Landspítala, háskólasjúkrahúss 21.346 millj. kr., Fjórð-

ungssjúkrahússins á Akureyri 2.523 millj. kr. og daggjaldastofnana 3.244 millj. kr. Helstu liðir undir málaflokknum heilsugæsla eru heilsugæslustöðvar og heilsugæslusvið heilbrigðisstofnana ásamt hluta sjúkratrygginga. Hluti sjúkratrygginga í þessum málaflokki nam 4.610 millj. kr. á árinu 2001 en hann er til kominn vegna kostnaðarþátttöku fyrir læknispjónustu, þjálfun og tannlækningar. Undir málaflokkinn lyf og hjálpartæki fellur Lyfjastofnun og hlutdeild sjúkratrygginga í lyfjakostnaði og hjálpartækjum. Hluti sjúkratrygginga í þessum málaflokki nam 5.807 millj. kr.

*Almannatryggingar.* Gjöld vegna almannatrygginga námu 26.717 millj. kr. Undir þennan málaflokk falla lífeyristryggingar, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, slysa-


# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

tryggingar, eftirlaunasjóður aldraðra og hluti sjúkratrygginga. Þeir liðir sem vega þyngst eru gjöld vegna lífeyristrygginga 20.125 millj. kr. og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð 5.823 millj. kr.


Eftirfarandi yfirlit sýnir í hnotskurn helstu útgjaldabætti lífeyristrygginga, sjúkratrygginga og bóta samkvæmt lögum um félagslega aðstoð á árunum 2000 og 2001.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildar- fjárhæmildir 2001
<b>Lífeyristryggingar</b>					
Ellilfeyrir .....	5.459	5.004	454	9,1	5.500
Örorkulífeyrir .....	2.170	1.981	190	9,6	2.160
Tekjutrygging ellilfeyrisþega .....	6.965	6.507	458	7,0	7.090
Tekjutrygging örorkulífeyrisþega .....	3.117	3.648	-531	-14,5	3.175
Tekjutryggingaráruki .....	312	-	312	...	300
Örorkustyrkir .....	138	144	-6	-4,2	145
Barnalífeyrir .....	1.225	1.080	146	13,5	1.190
Fæðingarárlöf .....	480	1.638	-1.159	-70,7	480
Annað .....	258	256	2	1,0	60
<b>Lífeyristryggingar samtals .....</b>	<b>20.125</b>	<b>20.258</b>	<b>-133</b>	<b>-0,7</b>	<b>20.100</b>
<b>Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð</b>					
Mæðra- og feðralalaun .....	241	219	22	10,1	215
Umönnunarbætur .....	801	710	91	12,7	790
Makabætur .....	29	31	-2	-7,5	30
Ekkju- og ekkilsbætur .....	58	58	0	0,1	60
Endurhæfingarlífeyrir .....	334	268	65	24,4	325
Barnalífeyrir vegna menntunar .....	59	58	1	1,7	70
Heimilisuppbót .....	1.801	1.678	122	7,3	1.820
Sérstök heimilisuppbót .....	72	145	-73	-50,5	80
Uppbætur .....	2.270	2.135	135	6,3	2.294
Bifreiðakaupastyrkir .....	158	140	18	12,8	170
<b>Bætur skv. lögum um félagslega aðstoð, samtals</b>	<b>5.823</b>	<b>5.443</b>	<b>380</b>	<b>7,0</b>	<b>5.854</b>
<b>Sjúkratryggingar</b>					
Daggjaldastofnanir *) .....	3.244	3.700	-456	-12,3	3.144
Lækniskostnaður .....	2.787	2.404	383	15,9	2.608
Lyf .....	4.835	4.726	109	2,3	4.890
Hjálpartæki .....	972	824	148	18,0	970
Hjúkrun í heimahúsum .....	97	93	4	3,9	100
Pjálfun .....	848	811	37	4,6	866
Tannlækningsar .....	974	962	12	1,3	1.040
Sjúkraflutningar og ferðir innanlands .....	130	107	23	21,9	140
Brýn meðferð erlendis .....	579	544	35	6,4	500
Sjúkrakostnaður v/veikinda og slysa erlendis .....	138	104	35	33,7	170
Sjúkradagpeningar .....	204	218	-14	-6,6	230
Annað .....	98	81	18	21,8	118
<b>Sjúkratryggingar samtals .....</b>	<b>14.907</b>	<b>14.573</b>	<b>334</b>	<b>2,3</b>	<b>14.776</b>
<b>*) Daggjaldastofnanir</b>					
Vistgjöld á stofnum .....	3.656	4.048	-392	-9,7	3.540
Framlag úr Framkvæmdasjóði aldraðra .....	-363	-300	-63	20,8	-353
Greiðslur frá vistmönnum .....	-50	-48	-2	4,7	-44
<b>Daggjaldastofnanir samtals .....</b>	<b>3.244</b>	<b>3.700</b>	<b>-456</b>	<b>-12,3</b>	<b>3.144</b>


### Skipting lífeyristrygginga 2001, %



### Skipting félagslegrar aðstoðar 2001, %



### Skipting sjúkratrygginga 2001, %



Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið

eftir málaflokkum. Þar kemur glöggjt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 29. Gjöld fjármálaráðuneytis

Gjöld fjármálaráðuneytisins námu 23.706 millj. kr. á árinu 2001 og lækkuðu um 25.275 millj. kr. eða um 51,6% frá árinu 2000. Lækkun á milli ára skýrist af verulegri lækkun á gjaldfærslu lífeyrisskuldbindinga og afskriftum skattkrafna. Árið 2000 voru lífeyrisskuldbindingar óvenjuháar eftir kjarasamninga við framhaldsskólakennara og grunnskólakennara. Afskriftir skattkrafna voru einnig háar á árinu 2000 eftir leiðréttigar á úti-

standandi kröfum fyrri ára. Gjöld ráðuneytisins á árinu 2001 námu um 10,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs samanborið við 21,4% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 31.909 millj. kr. og voru því 8.203 millj. kr. eða 25,7% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld fjármálaráðuneytis á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Opinber þjónusta .....	5.426	4.693	733	15,6	6.078
Almannatryggingar .....	9.358	8.094	1.264	15,6	9.005
Önnur útgjöld ríkissjóðs .....	8.922	36.195	-27.272	-75,3	16.826
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>23.706</b>	<b>48.981</b>	<b>-25.275</b>	<b>-51,6</b>	<b>31.909</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	21.808	48.050	-26.242	-54,6	.
Rekstrargjöld .....	4.783	4.639	144	3,1	.
Lífeyrisskuldbindingar .....	1.239	23.595	-22.356	-94,7	.
Rekstrartilfærslur .....	15.786	19.816	-4.030	-20,3	.
Viðhaldskostnaður .....	438	366	72	19,8	.
Fjárfesting .....	1.460	566	894	158,1	.
Stofnkostnaður .....	1.460	564	896	158,8	.
Fjármagnstilfærslur .....	-	2	-2	-100,0	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>23.706</b>	<b>48.981</b>	<b>-25.275</b>	<b>-51,6</b>	<b>31.909</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>10,4</b>	<b>21,4</b>	.	.	<b>13,2</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar gjöld námu 20,2%, lífeyrisskuldbindingar 5,2%, rekstrartilfærslur 66,6%, viðhaldskostnaður 1,8% og stofnkostnaður 6,2%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 9.358 millj. kr. eða 39,5% til almannatrygginga, þar af voru barna-

bætur 4.559 millj. kr. og vaxtabætur 4.721 millj. kr. Gjöld vegna opinberrar þjónustu námu 5.426 millj. kr. eða 22,9%, en undir þann málaflokk falla meðal annars aðalskrifstofa fjármálaráðuneytis, stofnanir skatta- og tollakerfis og rekstur tölvukerfa ríkisins.

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Önnur gjöld ráðuneytisins námu alls 8.922 millj. kr. eða 37,6% af gjöldum ráðuneytisins, þar af námu afskriftir skattkrafna 5.617 millj. kr. og lífeyrisskuldbindingar 1.239 millj. kr. Auk lífeyrisskuldbindinga og afskrifta skattkrafna eru aðrir helstu liðir undir þessum málauflokkji fjármagnstejkjuskattur 685 millj. kr. og mótframlag vegna viðbótarlífeyrissparnaðar 398 millj. kr. Árið 2000 námu önnur gjöld ráðuneytisins 36.195 millj. kr. og nemur lækkun á milli ára því 27.272 millj. kr. Lækkunin skyrist alfarið af minni hækjunum á lífeyrisskuldbindingum og lægri afskriftum skattkrafna á árinu 2001.

*Lífeyrisskuldbindingar* A-hluta ríkisjóðs fela í sér reiknaðar skuldbindingar gagnvart lífeyrissjóðum samkvæmt tryggingafræðilegu mati vegna áunninna lífeyrisréttinda starfsmanna. Í ríkisreikningi miðast færsla lífeyrisskuldbindinga ríkisjóðs við niðurstöður matsins um áfallnar skuldbindingar, þar sem nýjar skuldbindingar gjaldfærast um rekstrarreikning og almennar launabreytingar um endurmatsreikning. Við mat á almennum launabreytingum er beitt vísitölu launa

opinberra starfsmanna og bankamanna sem Hagstofa Íslands reiknar.

Tryggingafræðilegt mat á lífeyrisskuldbindingum ríkisjóðs miðast meðal annars við eftirtalrar almennar forsendur: 2% ávöxtun umfram launahækkanir; íslenskar lífslíkur samkvæmt reynslu áranna 1991-1995; íslenskar barneigna- og hjúskaparlíkur hjá öðrum en lífeyrisþegum, en hjá þeim er miðað við raunverulega hjúskaparstöðu; viðmiðun við danskar örorkulíkur í skrifstofustörfum þar sem íslenskar tölur eru ekki tiltækar. Við matið er almennt miðað við að virkir sjóðfélagar hefji töku ellilífeyris 68 ára hjá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins (LSR) og 65 ára hjá Lífeyrissjóði hjúkrunarfræðinga (LH).

Lífeyrisskuldbindingar og eftirlaun A-hluta aðila færast að mestu hjá fjármálaráðuneyti. Stofnanir greiða viðbótariðgjald til B-deildar LSR og LH og eru þær greiðslur gjaldfærðar hjá viðkomandi stofnunum og lækkar gjaldfærslan hjá fjármálaráðuneyti um sömu fjárhæð. Eftirfarandi yfirlit sýnir lífeyrisskuldbindingar ríkisjóðum gagnvart hinum ýmsu lífeyrissjóðum árin 2000 og 2001.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildar- fjárheimildir 2001
<b>Lífeyrisskuldbindingar</b>					
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins (LSR) .....	817	23.296	-22.479	...	8.539
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga (LH) .....	177	1.640	-1.463	...	699
Lífeyrissjóður alþingismanna.....	123	-126	249	...	63
Lífeyrissjóður ráðherra .....	-8	-7	-1	...	23
Eftirlaunajóður fyrrv. starfsmanna Útvegsbanka Ísl. ..	-37	-64	27	...	136
Eftirlaunajóður fyrrv. bankastjóra Útvegsbanka Ísl. ..	9	0	9	...	20
Lífeyrissjóðir sveitarfélaga.....	88	80	8	...	-
Annað.....	1.443	57	1.386	...	55
<b>Lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs samtals .....</b>	<b>2.612</b>	<b>24.877</b>	<b>-22.264</b>	...	<b>9.535</b>
- Fært hjá stofnunum vegna viðbótariðgjalds .....	-1.373	-1.282	-91	...	.
<b>Lífeyrisskuldbindingar færðar á fjármálaráðuneyti</b>	<b>1.239</b>	<b>23.595</b>	<b>-22.355</b>	...	<b>9.535</b>

Gjaldfærðar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs á árinu 2001 námu alls 2.612 millj. kr., þar af færast 1.239 millj. kr. hjá fjármálaráðuneyti og 1.373 millj. kr. hjá stofnunum vegna greiðslna á viðbótariðgjöldum. Lækkun á gjaldfærðum lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs er veruleg á milli ára eða 22.265 millj. kr. Í aðalatriðum skyrist lækkunin af miklum hækjunum lífeyrisskuldbindinga í árslok 2000 eftir kjarasamninga grunnskólakennara og framhaldsskólakennara í lok árs 2000 og byrjun

bindingum ríkissjóðs er veruleg á milli ára eða 22.265 millj. kr. Í aðalatriðum skyrist lækkunin af miklum hækjunum lífeyrisskuldbindinga í árslok 2000 eftir kjarasamninga grunnskólakennara og framhaldsskólakennara í lok árs 2000 og byrjun

árs 2001. Þeir samningar fólu í sér gagngerar breytingar á launakerfi þeirra sem höfðu bein áhrif á lífeyrisréttindi þessara starfsstéttu. Mat á áhrifum kjarasamninganna á lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs voru þegar færð til gjalda á árinu 2000 og námu þau um 11.500 millj. kr. vegna lífeyrisskuldbindinga grunnskólakennara og um 2.600 millj. kr. vegna framhaldsskólakennara.

Í skýringu 44 er gerð frekari grein fyrir lífeyrisskuldbindingum ríkissjóðs á árinu 2001.

*Afskriftir skattkrafna* hjá A-hluta ríkissjóðs námu alls 5.944 millj. kr., þar af færast 5.617 millj. kr. hjá fjármálaráðuneytinu og 327 millj. kr. hjá stofnunum. Árið á undan voru afskriftir skattkrafna mun hærri eða alls 11.350 millj. kr. Árið 2000 voru afskriftir skattkrafna óvenjuháar samanborið við önnur ár og skýrðist það af gagngerri endurskoðun sem þá fór fram á eftirstöðvum fyrri ára. Yfirferðin á árinu 2000 grundvallaðist meðal annars á endurnýjuðu innheimtu- og álagningarkerfi ríkisins sem veitir mun betri yfirsýn yfir stöðu gjaldenda en eldra kerfi. Við mat á eftirstöðvum í árslok 2000 var unnt að haga yfirferðinni með markvissari hætti en áður og taka tillit til fleiri þátta. Í því samhengi nægir að nefna að áður takmarkaðist yfirferðin jafnan við einn gjaldstofn í senn og að auki var aðeins litið til þeirra sem skulduðu umfram tiltekna fjárhæð í viðkomandi gjaldflokk. Í breyttu umhverfi eru öll gjöld hjá viðkomandi gjaldanda lögð til grundvallar samtímis og engar fjárhæðartakmarkanir eru settar. Afskriftagrunnurinn í árslok 2000 var því verulega viðtækari en áður og var niðurstaða ársins 2000 í samræmi við það. Miklar afskriftir á árinu 2000 fóu meðal annars í sér verulega eins skiptis leiðréttingu á ofmetnum eftirstöðvum fyrri ára.

Við mat á skattkröfum er að öðru leyti almennt miðað við að útstandandi kröfur ríkissjóðs séu

yfirfarnar með reglubundnum hætti og þær metnar með tilliti til áhættu. Kröfur eru afskrifaðar *beinni afskrift* þegar þær eru taldar sannanlega tapaðar. Við mat á því hvort krafa telst töpuð er horft til innheimtutilrauna, hugsanlegra trygginga, aldurs kröfu með tilliti til fyrningar og fjárhagsstöðu viðkomandi gjaldanda. Almennt gildir að við beina afskrift er talið útilokað að innheimta kröfuna með þeim úrræðum sem innheimtumenn ríkissjóðs hafa.

Jafnframt er bókfært verðmæti krafna endurmetið í efnahagsreikningi ríkissjóðs og þær kröfur afskrifaðar sem ekki er talið líklegt að innheimtist. Vitað er að ákveðinn hluti krafna á hverjum tíma mun ekki innheimtast þó að ekki sé talið tímabært að afskrifa þær hjá gjaldanda. Því hefur verið beitt svonefndri *óbeinni afskrift* í reikningsskilunum. Óbein afskrift felur í sér að kröfur eru færðar niður um þá fjárhæð sem talið er líklegt að tapist af þeim. Í þessum tilgangi eru kröfur sem lýst hefur verið í þrotabú skoðaðar sérstaklega. Einnig eru kannaðar kröfur sem gert hefur verið árangurslaust fjárnám fyrir. Þetta er óhjákvæmilegt til að reyna að fyrirbyggja ofmat á kröfum ríkissjóðs.

Við niðurfærslu eftirstöðva á skattkröfum í árslok 2001 var beitt nær sömu matsreglum og í árslok 2000. Niðurfærslan árið 2000 var með tvennum hætti. Annars vegar var um að ræða niðurfærslu um 80% af skuldum þeirra sem gjaldþrotaskipti standa yfir hjá eða er lokið. Hins vegar voru skuldir færðar niður um 75% hjá þeim sem ekki hafa komið til gjaldþrotaskipta en eru í vanskilameðferð. Sömu aðferð var beitt árið 2001 að öðru leyti en því að kröfur sem mynduðust á þessa sömu aðila á árinu 2001 voru færðar niður um 40% í báðum tilfellum.

Afskriftir á kröfum ríkissjóðs hafa verið töluverðar á undanförnum árum eins og kemur fram í eftirfarandi yfirliti.

## Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Í millj. kr.	2001	2000	1999	1998
<b>Beinar afskriftir</b>				
Tekju- og eignarskattar .....	208	669	924	1.167
Virðisaukaskattur.....	598	690	1.757	1.006
Aðrar skatttekjur.....	43	39	153	109
Dráttarvextir .....	755	1.070	3.200	2.261
Aðrar rekstrartekjur .....	24	4	147	32
<b>Beinar afskriftir samtals .....</b>	<b>1.628</b>	<b>2.472</b>	<b>6.180</b>	<b>4.575</b>
<b>Óbeinar afskriftir</b>				
Tekju- og eignarskattar .....	1.582	2.142	-330	-160
Virðisaukaskattur.....	-67	4.686	-120	97
Aðrar skatttekjur.....	286	292	-17	41
Dráttarvextir .....	2.464	1.762	-1.104	233
Aðrar rekstrartekjur .....	51	-4	-67	-29
<b>Óbeinar afskriftir samtals.....</b>	<b>4.316</b>	<b>8.878</b>	<b>-1.638</b>	<b>181</b>
<b>Afskriftir ríkissjóðstekna samtals.....</b>	<b>5.944</b>	<b>11.350</b>	<b>4.542</b>	<b>4.757</b>
<b>Hlutfall af almennum tekjum ríkissjóðs % .....</b>	<b>2,5</b>	<b>5,1</b>	<b>2,1</b>	<b>2,6</b>

Þegar ofangreindar fjárhæðir eru skoðaðar þarf að hafa í huga að í bókhaldi ríkisins eru allar skattkröfur bókfærðar óháð því hvort þær eru lagðar á samkvæmt skattframtali gjaldandans eða áætlun skattstjóra. Í þessari aðferð felst ákveðin hætta á ofmati tekna hjá ríkissjóði því að samkvæmt lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, ber skattstjórum að áætla á gjaldendur, sem ekki skila framtali, tekjur og eignir svo riflega að eigi sé

hætt við að fjárhæðir séu áætlaðar lægri en þær eru í raun og veru.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárhheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir fjármálamaðaráðuneytið eftir málaflokkum. Par kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárhheimildum í árslok 2001.

## 30. Gjöld samgönguráðuneytis

Gjöld samgönguráðuneytis námu 15.869 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 2.554 millj. kr. eða 19,2% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 6,9% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 5,8% árið 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 17.145 millj. kr.

og voru því 1.276 millj. kr. eða 7,4% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld samgönguráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Landsamgöngur.....	10.777	9.238	1.540	16,7	11.091
Loftsamgöngur.....	2.122	1.955	166	8,5	2.105
Sjó- og vatnasamgöngur .....	1.182	639	543	84,9	2.045
Önnur samgöngumál .....	1.788	1.483	305	20,5	2.045
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>15.869</b>	<b>13.315</b>	<b>2.554</b>	<b>19,2</b>	<b>17.145</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	3.483	3.022	460	15,2	.
Rekstrargjöld.....	2.657	2.264	393	17,3	.
Rekstrartilfærslur.....	826	758	68	8,9	.
Viðhaldskostnaður .....	4.187	4.151	36	0,9	.
Fjárfesting .....	8.200	6.142	2.058	33,5	.
Stofnkostnaður .....	6.812	5.272	1.539	29,2	.
Fjármagnstilfærslur .....	1.388	870	518	59,6	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>15.869</b>	<b>13.315</b>	<b>2.554</b>	<b>19,2</b>	<b>17.145</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>6,9</b>	<b>5,8</b>	.	.	<b>7,1</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrargjöld námu 16,7%, rekstrartilfærslur 5,2%, viðhaldskostnaður 26,4%, stofnkostnaður 42,9% og fjármagnstilfærslur 8,7%

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 10.777 millj. kr. eða 67,9% til landsamgangna, en undir þann málauflokk fellur stór hluti af verkefnum Vegagerðinnar. Gjöld vegna loftsamgangna námu 2.122 millj. kr. eða 13,4% og eru þau að stærstum hluta vegna Flugmálastjórnar. Gjöld vegna sjó- og vatnasamgangna námu 1.182 millj. kr. eða 7,4%, þar af voru 998 millj. kr. vegna Siglingastofnunar og 184 millj. kr. vegna Hafnabótasjóðs. Önnur

útgjöld ráðuneytisins námu 1.788 millj. kr. eða 11,3%. Undir þennan málauflokk fellur aðalskrifstofa ráðuneytisins 188 millj. kr., Vegagerðin vegna ferja og sérleyfa 623 millj. kr., Póst- og fjar-skiptastofnun 389 millj. kr. og Ferðamálaráð 231 millj. kr.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir samgönguráðuneytið eftir málauflokum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 31. Gjöld iðnaðarráðuneytis

Gjöld iðnaðarráðuneytis námu 2.972 millj. kr. á árinu 2001 og hækkuðu um 342 millj. kr. eða 13,0% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,3% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 1,1% árið 2000. Heildarfjár-

heimildir ársins 2001 námu 3.346 millj. kr. og voru því 374 millj. kr. eða 11,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld iðnaðarráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Iðnaðarstarfsemi .....	701	587	114	19,3	723
Orkumál.....	1.345	1.284	61	4,7	1.549
Önnur atvinnumál.....	622	612	10	1,6	622
Annað.....	305	147	158	107,0	453
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>2.972</b>	<b>2.629</b>	<b>342</b>	<b>13,0</b>	<b>3.346</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	2.413	2.230	183	8,2	.
Rekstrargjöld .....	500	465	35	7,6	.
Rekstrartilfærslur.....	1.913	1.765	148	8,4	.
Viðhaldskostnaður .....	-	-	-	.	.
Fjárfesting .....	559	401	158	39,5	.
Stofnkostnaður .....	183	51	133	260,5	.
Fjármagnstilfærslur .....	376	350	26	7,4	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>2.972</b>	<b>2.631</b>	<b>342</b>	<b>13,0</b>	<b>3.346</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>1,3</b>	<b>1,1</b>	.	.	<b>1,4</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 16,8%, rekstrartilfærslur 64,4%, stofnkostnaður 6,2% og fjármagnstilfærslur 12,6%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 1.345 millj. kr. eða 45,2% til orkumála, en þar vega þyngst fram-lög til niðurgreiðslna á rafhitun 717 millj. kr. Gjöld vegna iðnaðarstarfsemi námu 701 millj. kr. eða 23,6% Undir þann málaflokk falla meðal annars aðalskrifstofa iðnaðarráðuneytisins 81 millj. kr. og framlög til Samtaka iðnaðarins 233 millj. kr.

Önnur útgjöld ráðuneytisins námu alls 927 millj. kr eða 31,2%, þar af runnu 622 millj. kr. til Byggðastofnunar.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir iðnaðarráðuneytið eftir málaflokkum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 32. Gjöld viðskiptaráðuneytis

Gjöld viðskiptaráðuneytis námu 1.450 millj. kr. á árinu 2001, hækkuðu um 45 millj. kr. eða 3,2% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 0,6% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 1.580 millj. kr.

og voru því 131 millj. kr. eða 8,3% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld viðskiptaráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins.....	733	688	45	6,5	863
Annað .....	717	716	1	0,1	717
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>1.450</b>	<b>1.404</b>	<b>45</b>	<b>3,2</b>	<b>1.580</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	1.437	1.351	86	6,4	.
Rekstrargjöld .....	665	657	8	1,2	.
Rekstrartilfærslur.....	772	694	78	11,2	.
Viðhaldskostnaður .....	-	-	-	.	.
Fjárfesting .....	12	53	-41	-76,6	.
Stofnkostnaður .....	12	53	-41	-76,6	.
Fjármagnstilfærslur .....	-	-	-	.	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>1.450</b>	<b>1.404</b>	<b>45</b>	<b>3,2</b>	<b>1.580</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>0,6</b>	<b>0,6</b>	.	.	<b>0,7</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 45,9%, rekstrartilfærslur 53,2% og stofnkostnaður 0,9%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 733 millj. kr. eða 50,5% til málefnaflokkins ýmsar þjónustustofnanir ríkisins. Helstu stofnanir undir þessum máleflokki eru aðalskrifstofa viðskiptaráðuneytis 108 millj. kr., Löggildingarstofa 226 millj. kr., Fjármálaeftirlitið 203 millj. kr. og Samkeppnisstofnun 133 millj. kr. Önnur gjöld ráðuneytisins

námu 717 millj. kr. eða 49,5%, þar af voru 511 millj. kr. vegna Flutningssjóðs olíuvara og 206 millj. kr. vegna Flutningssjóðs sements.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir viðskiptaráðuneytið eftir máleflokum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

### 33. Gjöld Hagstofu Íslands

Gjöld Hagstofu Íslands námu 399 millj. kr. á árinu 2001, hækkuð um 21 millj. kr. eða 5,5% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 0,2% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 og er það óbreytt hlutfall frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 402 millj. kr. og

voru rúmlega 2 millj. kr. eða 0,5% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld Hagstofu Íslands á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Opinber þjónusta .....	399	378	21	5,5	402
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>399</b>	<b>378</b>	<b>21</b>	<b>5,5</b>	<b>402</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	386	361	25	6,9	.
Rekstrargjöld .....	386	361	25	6,9	.
Rekstrartilfærslur.....	-	-	-	.	.
Viðhaldskostnaður .....	-	-	-	.	.
Fjárfesting .....	13	17	-4	-23,2	.
Stofnkostnaður .....	13	17	-4	-23,2	.
Fjármagnstilfærslur .....	-	-	-	.	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>399</b>	<b>378</b>	<b>21</b>	<b>5,5</b>	<b>402</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>0,2</b>	<b>0,2</b>	.	.	<b>0,2</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 96,6% og stofnkostnaður 3,4%.

Gjöld Hagstofunnar falla að öllu leyti undir málaflokkinn opinber þjónusta.

## 34. Gjöld umhverfisráðuneytis

Gjöld umhverfisráðuneytis námu 3.290 millj. kr. á árinu 2001, hækkuðu um 448 millj. kr. eða 15,8% frá árinu á undan. Gjöld ráðuneytisins námu 1,4% af heildargjöldum A-hluta ríkissjóðs á árinu 2001 samanborið við 1,2% á árinu 2000. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 4.396 millj. kr. og

voru því 1.107 millj. kr. eða 25,2% hærri en gjöld ársins.

Eftirfarandi yfirlit sýnir gjöld umhverfisráðuneytisins á árinu 2001 samanborið við árið 2000.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Húsnaðis- og skipulagsmál .....	1.160	944	217	22,9	1.274
Hreinsunarmál .....	824	671	154	22,9	838
Ýmsar þjónustustofnanir ríkisins.....	424	419	5	1,3	383
Opinber þjónusta .....	881	809	72	8,9	1.901
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>3.290</b>	<b>2.842</b>	<b>448</b>	<b>15,8</b>	<b>4.396</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda</b>					
Rekstrarkostnaður.....	2.739	2.287	452	19,8	.
Rekstrargjöld .....	1.795	1.491	304	20,4	.
Rekstrartilfærslur.....	944	796	148	18,6	.
Viðhaldskostnaður .....	8	1	7	.	.
Fjárfesting .....	543	553	-11	-2,0	.
Stofnkostnaður .....	31	98	-67	-68,6	.
Fjármagnstilfærslur .....	512	455	56	12,4	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>3.290</b>	<b>2.842</b>	<b>448</b>	<b>15,8</b>	<b>4.396</b>
<b>Slutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>1,4</b>	<b>1,2</b>	.	.	<b>1,8</b>

Gjöld ráðuneytisins skiptust þannig að rekstrar-gjöld námu 54,6%, rekstrartilfærslur 28,7%, við-hald 0,3%, stofnkostnaður 0,9% og fjármagnstil-færslur 15,6%.

Af gjöldum ráðuneytisins runnu 1.160 millj. kr. eða 35,3% til húsnæðis- og skipulagsmála. Helstu liðir undir þessum málaflokki eru aðalskrifstofa umhverfisráðuneytis 203 millj. kr., Skipulags-stofnun 100 millj. kr., Landmælingar Íslands 198 millj. kr. Auk þess falla hér undir stofnanir vegna náttúruverndar og styrkir vegna fráveitna. Gjöld vegna hreinsunarmála námu 824 millj. kr. eða 25,1%, þar af voru 566 millj. kr. vegna skilagjalds

til Endurvinnslunnar hf. Önnur útgjöld ráðuneytis-ins námu alls 1.305 millj. kr. eða 39,7%, þar af voru gjöld Veðurstofunnar 415 millj. kr., Ofan-flóðasjóðs 333 millj. kr. og Hollustuverndar 219 millj. kr.

Í séryfirliti 2 (bls. 94) koma fram reikningstölur og fjárheimildir einstakra stofnanaliða sem heyra undir umhverfisráðuneytið eftir málaflokkum. Þar kemur glöggt fram hver breytingin er á gjöldum á milli ára og staða gagnvart fjárheimildum í árslok 2001.

## 35. Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs nam alls 17.923 millj. kr. á árinu 2001, hækkaði um 2.678 millj. kr. eða 17,6% frá árinu á undan. Heildarfjárheimildir ársins 2001 námu 17.290 millj. kr. þannig að fjármagnskostnaðurinn reyndist 633 millj. kr. umfram fjárheimildir. Eftirfarandi yfirlit sýnir vaxtagjöld og lántökukostnað ríkissjóðs af innlendum og erlendum lánum á árunum 2000 og 2001.

Í millj.kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Málefnaflokkar gjalda</b>					
Önnur útgjöld ríkissjóðs .....	17.923	15.245	2.678	17,6	17.290
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>17.923</b>	<b>15.245</b>	<b>2.678</b>	<b>17,6</b>	<b>17.290</b>
<b>Viðfangsefnaflokkun gjalda.....</b>					
Rekstrarkostnaður.....	17.923	15.245	2.678	17,6	.
Rekstrargjöld .....	125	28	97	348,7	.
Fjármagnskostnaður .....	17.798	15.217	2.581	17,0	.
Rekstrartilfærslur.....	-	-	-	.	.
Viðhaldskostnaður .....	-	-	-	.	.
Fjárfesting .....	-	-	-	.	.
Stofnkostnaður .....	-	-	-	.	.
Fjármagnstilfærslur .....	-	-	-	.	.
<b>Gjöld samtals.....</b>	<b>17.923</b>	<b>15.245</b>	<b>2.678</b>	<b>17,6</b>	<b>17.290</b>
<b>Hlutfall af heildargjöldum ríkissjóðs .....</b>	<b>7,8</b>	<b>6,7</b>	.	.	<b>7,2</b>

**Vextir.** Áfallnir ógjalfallnir vextir í árslok 2001 voru 2.318 millj. kr. lægri en í árslok árið 2000, hækkuðu um 1.052 millj. kr. á skammtímaskuldum en lækkuðu á langtímaskuldum um 3.370 millj. kr. Áfallnir ógjalfallnir vextir af langtímaskuldum eru vextir af spariskírteinum, en þeir

bætast við höfuðstól þeirra á hverju ári og greiðast í einu lagi við innlausn þeirra.

Eftirfarandi yfirlit sýnir vaxtagjöld og lántökukostnað ríkissjóðs af innlendum og erlendum lánum á árunum 2000 og 2001.

Í millj. kr.	Reikningur 2001	Reikningur 2000	Breyting fjárhæð	%	Heildarfjárheimildir 2001
<b>Vextir</b>					
Innlend lán.....	7.876	7.423	453	6,1	.
Erlend lán.....	9.300	7.428	1.872	25,2	.
<b>Vextir af lánum samtals .....</b>	<b>17.176</b>	<b>14.851</b>	<b>2.325</b>	<b>15,7</b>	.
<b>Lántökukostnaður</b>					
Innlend lán.....	615	259	356	137,5	.
Erlend lán.....	132	135	-3	-2,2	.
<b>Lántökukostnaður samtals .....</b>	<b>747</b>	<b>394</b>	<b>353</b>	<b>89,6</b>	.
<b>Vextir og lántökukostnaður samtals .....</b>	<b>17.923</b>	<b>15.245</b>	<b>2.678</b>	<b>17,6</b>	<b>17.290</b>

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Vaxtagjöld af innlendum lánum námu 7.876 millj. kr. á árinu 2001, en innlendar skuldir að meðtöldum áföllnum gjaldföllnum vöxtum voru 89.205 millj. kr. í árslok 2000. Af erlendum lánum námu vaxtagjöldin 9.300 millj. kr. á árinu 2001, en

erlendar skuldir að meðtöldum áföllnum gjaldföllnum vöxtum voru 139.325 millj. kr. í árslok 2000. Hækkan á innlendum lántökukostnaði skýrist einkum af hækkan kostnaðar vegna viðskiptavaka spariskírteina og ríkisbréfa.

## 36. Hlutabréf og eignarhlutir í fyrirtækjum

Samkvæmt lögum nr. 88/1997 um fjárrreiður ríkisins skal færa eignarhluti ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum til eignar á efnahagsreikningi. Tvær undantekningar eru þó á því hvort eignarhlutar í stofnunum eru eignfærðir. Annars vegar þegar um er að ræða eignarhluta í lánastofnunum sem gegna félagslegu hlutverki. Yfirleitt gefur eiginfjárstaða í ársreikningum slíkra stofnana ekki raunhæfa mynd af fjárhagsstöðu þeirra. Hins vegar eru það eignarhlutir í tryggingasjóðum sem hafa það hlutverk að bæta fyrir eignatjón af völdum náttúruhamfara eða önnur stórtjón, komi til þeirra. Í ársreikningum slíkra sjóða endurspeglast tryggingaráhættan ekki í reikningsskilum þeirra og er því ekki talið rétt að sýna eignarhluta í þeim í efnahagsreikningi ríkissjóðs.

Hvað varðar árlegar færslur á eignarhlutum í fyrirtækjum og stofnunum í B-, C- og D-hluta gilda

almennt sömu reglur og í almennum reiknings-skilum. Stofnframlög eru að fullu talin til eignar og í árslok er eignin uppfærð í hátt við breytingar á vísi-tölu neysluverðs. Gert er ráð fyrir að bókfærð eign sé endurmetin árlega og tekið tillit til fjárhagsstöðu viðkomandi aðila. Komi í ljós að bókfærður eignarhluti í fyrirtæki eða stofnun sé hærri en markaðsvirði hans, og sé það ástand talið varanlegt, skal lækka bókfært verðmaeti eignarhlutans og það gjalffært á rekstrarreikningi ríkissjóðs. Á sama hátt er bókfærður eignarhluti í fyrirtæki eða stofnun hækkað liggi fyrir fagleg úttekt er sýni fram á að bókfært eigið fé hafi verið vanmetið og er það fært um tekjur á rekstrarreikningi ríkissjóðs.

Eftirfarandi yfirlit sýnir eignarhluta A-hluta ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum og stofnunum á árinu 2001.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Framlag á árinu	Hagnaður/tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok
<b>Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum</b>					
<b>Ríkisfyrirtæki B-hluta</b>					
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.....	1.114	-	-	96	1.210
Happdrætti Háskóla Íslands .....	10	-	-	1	11
Rafmagnsveitur ríkisins.....	1.917	-	-	165	2.082
Ríkisútvarpið .....	742	-	-	64	806
Umsýslustofnun varnarmála .....	82	-	-	7	89
Sinfóniuhljómsveit Íslands .....	-448	-	-	-39	-487
<b>Ríkisfyrirtæki í B-hluta samtals .....</b>	<b>3.417</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>294</b>	<b>3.711</b>
<b>Lánastofnanir C-hluta</b>					
Bryggðastofnun.....	1.111	-	-	96	1.207
Ferðamálasjóður .....	100	-	-	9	108
Framleiðnisjóður landbúnaðarins.....	189	-	-	16	205
Hafnarbótasjóður .....	501	-	-	43	544
Íbúðaláanasjóður .....	5.749	-	-	495	6.244
Láanasjóður landbúnaðarins.....	1.514	-	-	130	1.645
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins .....	5.404	-	-	465	5.869
Orkusjóður .....	170	-	-	15	184
<b>Lánastofnanir í C-hluta samtals .....</b>	<b>14.738</b>	<b>-</b>	<b>-</b>	<b>1.269</b>	<b>16.007</b>
<b>Fjármálastofnanir í D-hluta</b>					
Seðlabanki Íslands.....	14.843	9.000	-	1.278	25.121
<b>Fjármálastofnanir í D-hluta samtals.....</b>	<b>14.843</b>	<b>9.000</b>	<b>-</b>	<b>1.278</b>	<b>25.121</b>
<b>Eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum samtals</b>	<b>32.998</b>	<b>9.000</b>	<b>-</b>	<b>2.841</b>	<b>44.839</b>

# Ríkisreikningur A-hluti 2001 – Skýringar

Yfirlitið sýnir að í árslok 2001 nam bókfærð eign ríkissjóðs í fyrirtækjum og stofnunum í B-, C og D-hluta 44.839 millj. kr. Þar af eru eignarhlutar í Seðlabanka Íslands 25.121 millj. kr., Íbúðalánaþjóði 6.244 millj. kr. og Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins 5.869 millj. kr. Í árslok 2000 nam bókfærða eignin 32.998 millj. kr. og var hækkunin á árinu 2001 því 11.841 millj. kr. Hækkun á milli ára skýrist aðallega af 9.000 millj. kr. eiginfjárfamlagi ríkissjóðs til Seðlabankans. Að öðru leyti var um almennar verðuppfærslur eigna að ræða.

Um færslu á eignarhluta ríkissjóðs í hlutafé-

lögum og sameignarfélögum gilda almennar reikningsskilareglur. Hvað varðar sameignarfélög er bókhaldsleg meðferð hin sama og lýst er hér að framan um eignarhluta í fyrirtækjum og stofnunum. Hlutafjáreign er almennt færð við kostnaðarverði eða á nafnverði sé það hærra. Í árslok er hlutafé endurmetið samkvæmt breytingum neysluverðs. Sé nafnverð hlutabréfa orðið hærra en nemur uppfærðu verði þeirra vegna útgáfu jöfnunarhlutabréfa, skal þó miða við það. Eftirfarandi yfirlit sýnir bókfærða eign ríkissjóðs í hlutabréfum á árinu 2001.

Í millj. kr.	Eign í ársbyrjun	Kaup (+)/ Sala (-) á árinu	Hagnaður/ Tap á árinu	Endurmat ársins	Eign í árslok	Eignarhluti í árslok í %
<b>Eign í sameignarfélögum og hlutafélögum</b>						
<b>Félög í E-hluta</b>						
Búnaðarbanki Íslands hf.	3.322	-	-	286	3.608	56,8
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	2.543	-	-	219	2.761	100,0
Hitaveita Hjaltadals	16	-	-	1	17	94,0
Hæðarlönd ehf.	-	25	-	2	28	100,0
Íslandspóstur hf.	1.613	-	-	139	1.752	100,0
Kísiliðjan hf.	70	-70	-	-	-	-
Landsbanki Íslands hf.	5.220	-	-	449	5.669	68,3
Landssími Íslands hf.	7.865	-418	310	675	8.432	98,7
Landsvirkjun	13.527	-	-	1.165	14.692	50,0
Orkubú Vestfjarða hf.	1.220	2.366	-	105	3.691	91,4
Sjúkrahúsapótekið ehf.	-	18	-	-	18	100,0
Sementsverksmiðjan hf.	501	-	-	43	545	100,0
Skráningarstofan hf.	78	-	-	7	85	98,4
<b>Félög í E-hluta samtals</b>	<b>35.974</b>	<b>1.921</b>	<b>310</b>	<b>3.091</b>	<b>41.297</b>	-
<b>Félög í minnihluta eign</b>						
Barri hf.	13	-	-	1	15	22,4
Endurvinnslan hf.	7	-	-	1	8	17,8
Flugskóli Íslands hf.	13	-	-	1	14	42,2
Hitaveita Suðurnesja	1.164	-30	-	98	1.231	16,7
Íslenska járnblendifélagið hf.	257	62	-	22	341	10,5
Íslenskir aðalverktakar hf.	641	-	-	55	696	39,9
Neyðarlínan hf.	2	6	-	1	9	31,3
Steinullarverksmiðjan hf.	95	-	-	8	104	30,1
Verðbréfaskráning Íslands hf.	10	-	-	1	11	14,3
Stofnfiskur hf.	40	-268	225	3	-	-
Annað	2	4	-	0	6	-
Eignir stofnana í hluta- og sameignarfélögum	202	49	-	0	251	-
<b>Félög í minnihluta eign samtals</b>	<b>2.447</b>	<b>-177</b>	<b>225</b>	<b>191</b>	<b>2.686</b>	-
<b>Eign í sameignar- og hlutafélögum samtals</b>	<b>38.421</b>	<b>1.744</b>	<b>535</b>	<b>3.282</b>	<b>43.982</b>	-

Í yfirlitun koma fram nokkrar breytingar á eign ríkissjóðs í sameignar- og hlutafélögum á árinu 2001. Í árslok 2001 nam bókfærð eign ríkissjóðs í þessum fyrirtækjum 43.982 millj. kr. samanborið við 38.421 millj. kr. í árslok 2000. Hér á eftir verður gerð stutt grein fyrir helstu breytingum á árinu 2001.

Hinn 1. júní árið 2001 var rekstri Orkubús Vestfjarða breytt í hlutafélag. Gerður var samningur um að ríkissjóður keypti hlut sveitarfélaganna í Orkubúinu, fyrir 2.366 millj. kr. Við það jókst eignarhluti ríkisins í fyrirtækinu úr 40% í 91,4%.

Seinni hluta árs 2001 fór fram sala á hlutabréfum í Landssíma Íslands hf. á genginu 5,75. Hluti af þeirri sölu gekk til baka þegar sala á hlut ríkisins til kjölfestufjárfestis gekk ekki eftir og var kaupendum gefinn kostur á að endurselja ríkissjóði bréfin á sama gengi. Tilgreind sala í ríkisreikningi er því frumsala að frádreginni þeirri sölu sem gekk til baka. Þá var á árinu 2001 stofnað nýtt hlutafélag, Hæðarlönd ehf., út úr Landssímanum og er

sú 25 millj. kr. tilfærsla innifalin í sölu hlutabréfa hjá Landssímanum. Andvirði sölu hlutabréfa í Landssímanum nam því 418 millj. kr., þar af var söluhagnaður 310 millj. kr. Í árslok 2001 telst eignarhlutur ríkissjóðs í Landssíma Íslands nema 98,7%.

Seinni hluta árs 2001 seldi ríkissjóður 32,7% hlut sinn í Stofnfski hf. sem var að nafnvirði 35 millj. kr., en bókfært verð nam 43 millj. kr. Söluandvirði hlutafjárins nam 268 millj. kr. og nam söluhagnaðurinn því 225 millj. kr.

Ríkissjóður seldi 51% eignarhlut sinn í Kísil-iðjunni hf. á fyrri hluta árs 2001 fyrir 62,5 millj. kr. Bókfært verð hjá ríkissjóði nam 69,7 millj. kr. og nam því bókfært tap af sölunni 7,2 millj. kr.

Í ársbyrjun 2001 nam hlutafjáreign ríkissjóðs í Íslenska járnblendiféluginu hf. 12%. Á árinu fór fram hlutafjárútboð í féluginu og keypti ríkissjóður hlutafé fyrir um 62 millj. kr. Í árslok nam eignarhlutur ríkisins Járnblendiféluginu 10,5%.

## 37. Erlent stofnfé

